

FRÉTTABLAÐIÐ

Stöndum ekki við skuldbindingar í loftslagsmálum

Ísland mun ekki ná að standa við þjóðréttarlegar skuldbindingar sínar gagnvart Evrópu-sambandinu um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda. Formaður Náttúruverndar-samtaka Íslands segir Ísland því þurfa að draga enn meira úr losun á næsta ári.

mhj@frettabladid.is

LOFTSLAGSMÁL Ekkert bendir til að Ísland nái að standa við skuldbindingar sínar gagnvart Parísar-samkomulaginu í loftslagsmálum. Í núgildandi samningi Íslands við Evrópusambandið er kveðið á um að Ísland dragi úr losun um einn tíunda hluta af 29 prósentu samdrætti ár hvert á tímabilinu 2021 til 2030, í þeim geirum sem íslensk stjórnvöld bera beina ábyrgð á. Það eru vegasamgöngur, sjávarútvegur, landbúnaður, úrgangur og smærri iðnaður.

Samkvæmt samningi Íslands við ESB á samdráttur í þessum geirum að vera línulegur. Ísland mun ekki ná að standa við þessar skuldbindingar í ár eða næstu árin miðað við stöðuskýrslu aðgerðaáætlunar ríkisstjórnarinnar í loftslagsmálum og nýja eldsneytisspá Orkustofnunar.

Samkvæmt eldsneytisspánni verður samdráttur í vegasamgöngum og hjá fiskiskipum mun minni en aðgerðaáætlunin segir til um. Samkvæmt stöðuskýrslunni eru aðgerðir á sviði úrgangsmála og

» Það stefnir í að við fáum á okkur refsiaðgerðir.

Árni Finnsson, formaður Náttúruverndarsamtaka Íslands

vegna losunar frá jarðvarmavirkjunum mjög skammt á veg komnar.

Árni Finnsson, formaður Náttúruverndarsamtaka Íslands, segir Ísland þjóðréttarlega búið að skuldbinda sig til að ná markmiðunum.

„Ef það ekki næst þá þarf að draga meira úr losun árið eftir. Ég held að þetta sé töluverður hausverkur fyrir íslensk stjórnvöld,“ segir Árni. „Það stefnir í að við fáum á okkur refsiaðgerðir. Það er býsna stíft þetta skilyrði.“

Guðmundur Ingi Guðbrandsson umhverfisráðherra segir ljóst að Ísland og önnur ríki þurfi að grípa til hertra og frekari aðgerða. Þar sé aðgerðaáætlunin frá 2020 lykilstjórnþæki sem efla þurfi og styrkja.

„Umhverfisstofnun vinnur nú að uppfærðum framreikningum á losun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi, miðað við uppfærða eldsneytisspá Orkustofnunar. Þegar þeir útreikningar liggja fyrir fáum við gleggri mynd af stöðunni,“ segir Guðmundur í skriflegu svari til Fréttablaðsins. ■

Seyðfirðingar þreyttir á að lifa í óvissu

NÁTTÚRUHAMFARIR Aðalheiður L. Borgþórsdóttir, fulltrúi sveitarstjóra Múlaþings á Seyðisfirði, segir að ekki eigi að rýma fleiri hús í bænum en þau níu sem þegar hafi verið rýmd.

Ofanflóðavakt Veðurstofunnar fylgist náið með aurskriðuhættu á Seyðisfirði. Enn mælist hreyfing á fleka utan í stóra skriðusárinu í hlíðinni ofan bæjarins við Búðará.

Aðalheiður segir svæðið vel vaktad. Bæjarbúar séu allir rólegir. „Þrátt fyrir það er fólk orðið þreytt á því að lifa í óvissu og ótta um skriðuföll. Þetta er hins vegar bara raunveruleiki sem við verðum að lifa með.“

Í lok vikunnar er von á talsverðri úrkomu á svæðinu og því var ákveðið að aflétta ekki rýmingu á níu húsum sem rýmd voru í fyrradag. **SJÁ SIÐU 4**




Breiðablik, sem er nýkrýndur bikarmeistari í fótbolta kvenna, fær franska stórliðið PSG í heimsókn á Kópavogsvöll þegar liðin eigast við í fyrstu umferð í riðlakeppni Meistaradeildar Evrópu klukkan 19.00 í kvöld. **FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI**

Nú geturðu tryggt þitt fyrirtæki fyrir netárásum

Með Netöryggistryggingu TM er þitt fyrirtæki verndað gegn fjárhagslegu tapi í kjölfar netárásar, gagnaleka eða auðkennisþjófnaðar. Kynntu þér málið á [tm.is](#).

TM

Hugsum í framtíð



Katrín Jakobsdóttir fékk Pfizer.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Íslendingar senda Pfizer til Taílands

benediktboas@frettabladid.is

COVID-19 Íslensk heilbrigðisyfirvöld hafa ákveðið að gefa Taíland-ingum 100 þúsund skammta af Pfizer-bóluefninu.

Í frétt bangkokpost.com um málið segir að Þjóðverjar séu einnig gjafmildir og ætli að gefa 346 þúsund skammta af AstraZeneca-bóluefninu. Þar kemur fram að bóluefnið eigi að berast Taíland-ingum í þessum mánuði.

Mun ríkisstjórn Taílands vonast eftir því að 70 prósent þjóðarinnar verði bólusett fyrir Covid-19 í desember næstkomandi.

Talsmaður heilbrigðisráðuneytisins í Taílandi, Thanakorn Wangboonkongchana, segir í samtali við vefinn að fyrir utan gjafabóluefnið ætli landið að kaupa 400 þúsund skammta af AstraZeneca-bóluefninu frá Ungverjum. ■

Eitthvað á seyði undir yfirborðinu



„Það er eitthvað að gerast þarna neðanjarðar en hvert framhaldið verður er erfitt að segja eins og er,“ segir Einar Hjörleifsson, náttúruvísirfræðingur á Veðurstofunni. 8.300 skjálftar hafa mælst í hrinu sem hóst 27. september við Keili. Einar segir reynt að túlka það sem gögn sýni. „Goshléið hefur staðið ansi lengi yfir og það er erfitt að meta hvað er að gerast þarna neðanjarðar, hvort kvikustreymið er enn þá viðloðandi – og hvað gerist næst.“ FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Áhrif faraldursins mikil fyrir flugið

kristinnpall@frettabladid.is

FLUGSAMGÖNGUR Í nýrri skýrslu Alþjóðasamtaka flugfélaga, IATA, er áætlað að heildaráhrif heimsfaraldursins á rekstur flugfélaga á heimsvísu verði rúmlega 200 milljarðar dollara. Vonast er til að tekjutapið minnki um 91 prósent á milli ára.

Samkvæmt skýrslunni var heildartap flugfélaga heimsins 137,7 milljarðar dollara í fyrra. Áætlað er að félögin verði rekin með 51,8 milljarða tapi í ár. Á sama tíma hefur eftirspurnin eftir fraktflugi aukist um 13 prósent frá 2019. Ef spáin rætist um 11,6 milljarða tap á næsta ári nær tapreksturinn yfir tvö hundruð milljörðum sem jafngildir hagnaði flugfélaganna á níu ára tímabili áður en heimsfaraldurinn skall á.

„Við erum komin yfir versta kafla



Flugfélögin fengu þungan skell.

þessa neyðarástands og þó að það séu ýmis vandamál til staðar sér fyrir endann á þessu,“ sagði Willie Walsh, stjórnarformaður IATA.

Vonast er til þess að fjöldi flugfarþega nái 3,4 milljörðum 2022, sem væri sambærilegt við 2014, og 61 prósent af fjöldanum 2019. Þar af nái innanlandsflugið um 93 prósentum af því sem var fyrir Covid-19. ■

Margir vilja kaupa gamla líkbílinn af Skagfirðingum

Hinn fertugi Chevrolet sem þjónað hefur Skagfirðingum í fjörutíu ár sem líkbíll og sjúkrabíll er nú kominn á sölu og síminn er rauðglóandi. Formaður safnaðarnefndar segir að ekki aðeins verði horft til peningaupphæðarinnar.

kristinnhaukur@frettabladid.is

NORÐURLAND Kirkjusóknirnar í Skagafirði hafa fengið fjölmörg tilboð í gamla líkbílinn eftir að nýr bill leysti hann af hólmi í september. Ingimar Jóhannsson, formaður safnaðarnefndar á Sauðárkróki, segir hins vegar að ekki aðeins verði horft til hæsta boðs heldur skipti einnig máli hvernig billinn verði notaður.

„Okkur er ekki alveg sama hver örlög hans verða. Við viljum að hann fái gott hlutverk, svona í restina,“ segir Ingimar.

Billinn var auglýstur á mánudag og hefur síminn verið rauðglóandi síðan. Þegar Fréttablaðið náði tali af Ingimar og félögum voru þeir ekki byrjaðir að fara yfir tilboðin. En horft yrði bæði til peningaupphæðarinnar og hver notkunin verði.

Billinn er af gerðinni Chevrolet Van frá árinu 1981 og er að sögn Ingimars í góðu ásigkomulagi þrátt fyrir að vera orðinn fertugur. Hann hefur nokkuð óvanalegt útlit fyrir líkbíl sem skýrist af fyrri notkun hans.

„Hann kom upphaflega til landsins sem sjúkrabíll og þjónaði þeim tilgangi til ársins 1997 þegar Rauði krossinn gaf kirkjusóknunum í Skagafirði bílinn,“ segir Ingimar.

Sóknirnar eru 20 talsins og hafa þær allar haft bílinn til umráða í rúmlega 23 ár. „Við skárum af honum toppinn og innréttuðum hann sem líkbifreið.“



Chevy-inn hefur ekki beint það útlit sem flestir eiga að venjast af líkbíl. MYND/ADSEND

Okkur er ekki alveg sama hver örlög hans verða.

Ingimar Jóhannsson, formaður safnaðarnefndar

Ingimar segir bílinn hafa reynst ágætlega. Helsta vandamálið hafi verið að bílinn sé afturhjóladrifinn og það hafi stundum verið til trafala yfir mestu vetrarmánuðina.

„Billinn hefur farið í marga túra, bæði inn á Akureyri og til Reykjavíkur, því stundum þarf að sækja fólk sem hefur látist þar,“ segir Ingimar. Þá hefur verið talið óhentugt að reka bílinn sem líkbíl því hann eyðir nokkuð miklu eldsneyti.

Nýi billinn er Benz sem fjármagnaður var með söfnun sem meðal annars félagasamtök og fyrirtæki komu að. Hófst sú söfnun fyrir tæpum tveimur árum. Ingimar segir Skagfirðinga afar lukkulega með nýja bílinn, sem sé fjórhjóladrifinn.

„Okkur var búið að dreyma um þetta lengi, til þess að geta tekist á við þær aðstæður sem koma hér upp yfir vetrartímann,“ segir Ingimar. Þó verði tilfinningaleg eftirsjá í þeim gamla. „Auðvitað er viss eftirsjá að honum. Það er ekki hægt að segja annað.“ ■

HREKKJAVAKAN NÁLGAST...

PARTÝBÚÐIN

Faxafeni 11 • Sími 534 0534 • www.partybudin.is



Vilt þú taka þátt í uppbyggingu?

Spennandi tækifæri í þorpi skapandi greina

Reykjavíkurborg leitar eftir kaupþilboðum í byggingarrétt fyrir íbúðir og atvinnustarfsemi á þremur vel staðsettum lóðum í Gufunesi.

Gufunesvegur 32

Á lóðinni **Gufunesvegi 32** er heimilt að byggja íbúðir í **5.524 m²** ofanjarðar og **1.052 m²** atvinnustarfsemi ofanjarðar. Heildarbyggingarmagn neðanjarðar getur verið **1.879 m²**. Heildarbyggingarmagn ofan- og neðanjarðar er **8.455 m²**.

Gufunesvegur 36

Á lóðinni **Gufunesvegi 36** er heimilt að byggja íbúðir í **2.919 m²** ofanjarðar og **556 m²** atvinnustarfsemi ofanjarðar. Heildarbyggingarmagn neðanjarðar getur verið **993 m²**. Heildarbyggingarmagn ofan- og neðanjarðar er **4.468 m²**.

Pengilsbás 3

Á lóðinni **Pengilsbás 3** er heimilt að byggja íbúðir í **1.297 m²** ofanjarðar og **247 m²** atvinnustarfsemi ofanjarðar. Heildarbyggingarmagn neðanjarðar getur verið **441 m²**. Heildarbyggingarmagn ofan- og neðanjarðar er **1.985 m²**.



Gufunes

Gufunes er nýjasta og eitt mest spennandi hverfi borgarinnar þar sem skapandi greinar og blómlegt mannlíf mynda einstakt samfélag.

Sjá nánar um þróun svæðisins á reykjavik.is/gufunes



Reykjavíkurborg

Nánari upplýsingar um lóðirnar á reykjavik.is/lodir
Tilboðsfrestur til kl. 14 þann 15. október 2021

Enn opið sár í hliðinni eftir skriðuna sem féll á síðasta ári

ingunnlara@frettabladid.is

NÁTTÚRUVÁ Hildur Þórisdóttir, sem situr í sveitarstjórn Múlaþings, segir Seyðfirðinga eðlilega kvíðna vegna skriðuhættu í gamla bænum. Nítján manns þurftu að yfirgefa heimili sín vegna aukinnar úrkomu og hreyfingar á stórum fleka í hliðinni. Flestir íbúanna gista á hótelinu eða hjá fjölskyldum og hafa aðgang að fjöldahjálparstöð þar sem hægt er



Hildur Þórisdóttir, í sveitarstjórn Múlaþings

að fá heitan mat og ræða við félagsþjónustuna og Rauða krossinn. „Fólk er náttúrulega enn þá kvíðið. Það tekur langan tíma að komast yfir hamfarir sem ógna tilveru og lífi íbúa,“ segir Hildur en hún segir bæjarstjórnina hafa lært mikið af stóru skriðunni sem féll í desember í fyrra og ganga ýmsir verkferlar hraðar núna en þá. Skerpt hafi verið á öllum viðbragðsáætlunum og vöktun með mælingum í rauntíma aukin.



Vinna stendur yfir að varanlegum vörnum í bænum. MYND/ADSEND

„Fjallið hefur aldrei verið vaktað eins mikið og í dag,“ segir Hildur sem áréttar að vöktun sé lykilatriði á meðan ekki séu komnar varanlegar varnir. Nú séu til staðar bráðabirgðavarnir eftir hamfarirnar í fyrra. Verið er að teikna upp varanlegar varnir og stendur til að drena fjallið. Hliðin þar sem minni skriðan féll er farin að grænka eftir að grasfræ voru borin í sárið. Eftir stendur þó stórt og djúpt sár eftir stóru skriðuna. ■

Of þungum mæðrum fjölgar

kristinnhaukur@frettabladid.is

HEILBRIGÐISMÁL Tuttugu og þrjú prósent þungaðra kvenna hafa líkamsþyngdarstuðul 30 eða hærri og hefur hlutfallið hækkað frá árinu 2016 þegar hann var 19 prósent. Þetta kemur fram í Talnabrunni Landlæknisembættisins en þar er sérstaklega fjallað um yfirþyngd þungaðra kvenna og vandamál tengd því.



23 prósent þungaðra kvenna hafa líkamsþyngdarstuðul 30 eða hærri.

Á árinu 2020 greindust 16,6 prósent þungaðra kvenna með meðgöngusykursýki og 8,6 með meðgöngutengdan háþrýstingssjúkdóm. Fleiri vandamál eru tíunduð í greiningunni, þar á meðal meðgöngueitrun og blóðtappi. Einnig áhrif á fósturin svo sem fæðingu þungbura, vaxtarseinkun í lok meðgöngu og fósturdauda. Þá eru fósturlát og sköpulagsgallar á fóstri algengari hjá þessum hópi. Þessi aukning í ofþyngd mæðra kemur heim og saman við þá þróun sem sést hefur í öðrum rannsóknum Landlæknisembættisins. Samkvæmt rannsókninni Heilsa og liðan Íslendinga frá árinu 2017 má sjá hækkanði hlutfall ofþyngdar. Hjá konum á aldrinum 18 til 44 ára var hlutfallið 26,8 prósent og er því hlutfall þungaðra kvenna ívið lægra. ■

Konur hafi minna rými en karlar til tjáningar og athafna í störfum

Uppsögnin umdeilda hjá Íslendair er sögð dæmi um að kynjamisrétti viðgangist þótt við viljum trúa öðru. Íslendair harmar að mál Ólafar hafi ratað í fjölmiðla.

bth@frettabladid.is

VINNURÉTTUR Viðar Þorsteinsson hjá Eflingu stéttarfélagi segir um svör Íslendair, sem bárust Fréttablaðinu í gær vegna fréttar um að Íslendair hefði sagt trúnaðarmanni hlaðmanna á Reykjavíkurlugvelli upp störfum, að það komi honum á óvart að málið sé sagt í farvegi. Öllum tilraunum Eflingar til að eiga samtöl um málið við fyrirtækið hafi verið hafnað.

Í yfirlýsingu Íslendair segir að félagið harmi að Efling hafi ákveðið að reka þetta viðkvæma mál í fjölmiðlum. Það sé staðreynd að Íslendair sé ósammála túlkun Eflingar og aðila greini á um ákveðin efnisatriði málsins, svo sem hvort viðkomandi starfsmaður hafi verið trúnaðarmaður þegar til uppsagnar kom. „Að öðru leyti getum við því miður ekki rætt einstök starfsmannamál opinberlega en þetta tiltekna mál er í farvegi,“ segir í svari félagsins við fyrirspurn Fréttablaðsins.

Viðar segir að varðandi það hvort ágreiningur sé um hvort Ólöf Helga Adolfsdóttir, hlaðkona Íslendair, sem steig fram og sagði sögu sína í Fréttablaðinu í gær, hafi verið trúnaðarmaður þegar henni var sagt upp, hafi það komið mjög skýrt fram í birtu efni Eflingar vegna málsins, að félaginu hafi verið fullkunnugt um að Ólöf væri trúnaðarmaður við uppsögn, fyrirbyggjandi gögn staðfesti það. Mörg gögn í pósthólfi Ólafar staðfesti slíkt en fyrirtækið lokaði pósthólfinu um



Íslendair segist ekki geta rætt mál starfsmanna þótt Ólöf Helga Adolfsdóttir hlaðkona hafi sjálf stigið fram, þar sem hún telur sig hafa verið þetta órétti.

MYND/ADSEND



Gyða Margrét Pétursdóttir, prófessor í kynjafræði

leið og Ólöfu var sagt upp störfum. „Við skorum á Íslendair að afhenda Ólöfu þessa pósta,“ segir hann.

Viðar segir mjög mikilvægt fyrir íslenskan almenning að vera upplýstan um hennar mál, því langstærstur meirihluti Íslendinga sé í stéttarfélögum og njóti þeirrar þjónustu sem þau bjóði. „Ég held að flestir Íslendingar þekki mikilvægi trúnaðarmanna og einkum vegna beins stuðnings Samtaka atvinnulífsins við þessa meðferð á trúnaðarmanni hvet ég almenning til að kynna sér málið.“

Gyða Margrét Pétursdóttir, prófessor í kynjafræði við Háskóla Íslands, segir að svo virðist sem

mál Ólafar sé eitt af þrástefjunum um kynjaðar hugmyndir. Ólöf Helga var eina konan í hópi fastráðinna hlaðmanna á Reykjavíkurlugvelli þegar henni var sagt upp. Hún hafi verið trúnaðarmaður starfsmanna og stóð í réttindabaráttu þegar henni var sagt upp. Þá veki mál hennar upp spurningar um viðhorf og orðræðu, því í samtali Fréttablaðsins við Ólöfu kom fram að yfirmönnum hefði þótt hún „hvöss í tali og erfið“.

Gyða Margrét segir að þekkt sé orðræðan um „freku konuna versus ákveðna karlinn“. Hvort sem varði framkomu, talsmáta eða hegðun séu gefin ólík merki eftir því hvort karl eða kona sé í aðalhlutverki. Hún segir að mál Ólafar virðist einnig tengjast hugmyndum um hvernig konum sé ætlað að birta kvenleika sinn. Hugmyndinni um að þær séu vingjarnlegar, séu í raun ekki að rugga neinum bátum. „Punkturinn er sá að í raun virðast konur hafa minna rými til að láta óánægju í

ljós en karlar. Túlkun orða þeirra verður með ólíkum hætti,“ segir Gyða Margrét.

Finna megi samsvörun með máli Ólafar og heilu hillumetrunum af rannsóknum í kynjafræði. Sjálf er Gyða höfundur hugtaks sem kallast „ára jafnréttis“. Það stendur fyrir að við teljum að kynjajafnrétti sé náð þótt raunin sé önnur. Það sem stríði gegn þeirri hugmynd sé afgreitt sem vandamál einstaklinga.

„Ég verð að viðurkenna að það kom mér á óvart að lesa um þetta mál. Það að hún fái að heyra að hún sé hvöss í tali og erfið. Ég hefði talið að við værum komin lengra en hefði samt átt að vita betur. Rannsóknir sýna að við teljum stundum að við séum komin lengra en raun ber vitni.“

Halldór Benjamín Þorbergsson, hjá Samtökum atvinnulífsins, svaraði ekki skilaboðum blaðsins vegna meints þáttar hans og samtakanna í að styðja uppsögn Ólafar eins og komið hefur fram hjá Eflingu. ■

VEÐUM TIL FYRIR EIGINKONUR



Way of Life!

SUZUKI ACROSS

PLUG-IN
HYBRID

SUZUKI ACROSS TENGILTVINNBÍLLINN ER
SPARNEYTINN, UMHVERFISVÆNN OG ÖFLUGUR
SPORTJEPPI.

VERÐ KR.
8.590.000



4X4

SUZUKI ACROSS
FJÓRHJÓLADRIFINN

Hámarks skilvirkni og ríkuleg akstursánægja sameinast
í fjórhjóladrifna tengiltvinnbílum Suzuki Across.

FLUTT MEÐ
EIMSKIP

Söluumboð Suzuki á landsbyggðinni:

Akureyri: Bílaríki, Lónsbakka.

Egilsstaðir: Bílaverkstæði Austurlands ehf, Miðási 2.

Hvolsvelli: Viðskiptaþjónusta Suðurlands, Ormsvellir 7.

Ísafjörður: Bílatangi ehf., Suðurgötu 9.

Reykjanesbær: K. Steinarsson, Holtsgötu 52.



● Fáðu nánari upplýsingar á [suzuki.is](https://www.suzuki.is)



Suzuki á Íslandi



YouTube

Suzuki bílar hf. | Skeifunni 17 | Sími 568 5100



Augu margra voru á spilurunum í Laugardalshöll. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Milljónir fylgdust með fyrsta degi í Laugardalshöll

kristinnpall@frettabladid.is

RAFÍPRÓTTIR Þó að lítið fari fyrir því fylgdust milljónir með viðburði á Íslandi í gær er rafípróttamótið World Championship í tölvuleiknum League of Legends hófst í Laugardalshöll. Þetta voru fyrstu leikirnir í undankeppni. Mótið stendur í rúman mánuð. Þar kljást 22 lið og sigurvegarinn fær tæpa hálfa milljón dollara, um 63 milljónir íslenskra króna.

Sýnt er frá mótinu á fjölmörgum tungumálum. Voru um 750 þúsund manns að fylgjast með þriðja leik dagsins á streymisþjónustunni Twitch þegar blaðamaður skoðaði áhorfendatölur um tvöleytið. Klukkutíma síðar nálgadist áhorfendafjöldinn níu hundruð þúsund.

Þetta er annað mót ársins í tölvuleiknum League of Legends sem haldið er á Íslandi. Vegna stöðu heimsfaraldursins í Kína var hætt við að halda mótið þar. Ánægja mótshaldara með Mid-Season Invitational fyrr á árinu varð til þess að leitað var til Íslands á ný. Um hundrað milljónir fylgdust með úrslitaleiknum árið 2019. Eftir því sem liður á mótið má búast við að áhorfendum fjölgi.

Af þeim 110 leikmönnum sem eru hér kemur þriðjungur frá Suður-Kóreu þar sem leikurinn nýtur mikilla vinsælda. Það skipti ekki máli þó að aðeins einn leikmaður Suður-Kóreu væri að spila er leikur LNG Esports og Peace fór fram og klukkan væri að verða ellefu að kvöldi í Seúl, um 160 þúsund manns fylgdust með kóresku útsendingunni um tvöleytið. ■

Telur ferðagjöfina ekki misheppnaða þótt fólk hafi mismunandi skoðanir

Hótelstjóri á Egilsstöðum segir Íslendinga hafa verið duglega að nota ferðagjöf stjórnsvalda þar eystra, ekki síst undir lokin. Framkvæmdastjóri Samtaka ferðaðjónustunnar segir þau sátt en að hægt sé að hafa mismunandi skoðanir á því hvar fénu hafi verið varið.

helenaros@frettabladid.is

FERÐALÖG Jóhannes Þór Skúlason, framkvæmdastjóri Samtaka ferðaðjónustunnar, segir ekkert hafa verið óeðlilegt við notkun ferðagjafarinnar eins og afmörkunin á nýtingu hennar var lögð upp af hálfu stjórnsvalda.

Íslendingar notuðu ferðagjöfina að miklu leyti til að taka bensín á bílinn og til að kaupa veitingar á skynðibitastöðum á höfuðborgarsvæðinu.

„Það var alveg ljóst í upphafi að það myndi ekki hver einasti fimm þúsund kall enda í vasanum á hótélum, gististöðum eða afþreyingarfyrirtækjum í ferðaðjónustu. Svo geta menn haft mismunandi skoðanir á því hvert þessir fjármunir runnu nákvæmlega,“ segir Jóhannes.

Eftir að ferðagjöfin rann út á miðnætti fyrir tæpri viku kom í ljós að heildarupphæð nýtttra ferðagjafa nam rúmum milljarði en efstu sætin yfir hvar hún var nýtt skipa olíurisarnir N1 og Olís og þá eru veitingastaðir í höfuðborginni fyrirferðarmiklir á topp tíu lista ferðagjafarinnar.

Að sögn Jóhannesar Þórs sýni listinn með fyrirtækjum þar sem ferðagjöfin var mest nýtt frekar einfalda mynd. „Við sjáum það að ýmsir aðilar þarna, eins og til dæmis olíufyrirtækin, eru ofarlega á blaði. Það getur verið að hluta til vegna þess að fólk er á ferðalagi um landið og nýtir þetta á þeim stöðum,“ segir hann.

Aðspurður hvort það hefði þurft að afmarka notkun ferðagjafarinnar betur segir Jóhannes Þór það



Íslendingar voru duglegir að ferðast um landið í sumar og í fyrrasumar.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

„Menn gátu sagt sér það í upphafi að miðað við afmörkunina myndi talsvert af þessu fjármagni fara til fyrirtækja sem eru kannski ekki í beinni ferðaðjónustu.“



Jóhannes Þór Skúlason, framkvæmdastjóri SAF

vel hafa verið hægt. Það sé alltaf hægt að vera vitur eftir á. Bent hafi verið á að hægt væri að afmarka ferðaðjónustu til dæmis með því að nýta atvinnugreinanúmerin líkt og þekkist í nágrannalöndunum. Jóhannes segir stjórnsvald hafa lagt þetta upp svona og að í grunninn hafi ekki verið óánægja með það.

„Menn gátu sagt sér það í upphafi að miðað við afmörkunina myndi talsvert af þessu fjármagni fara til fyrirtækja sem eru kannski ekki í beinni ferðaðjónustu eins og það er skilgreint og eins og menn hafa svo séð. Hins vegar má segja að öll þessi fyrirtæki sem eru á þessum lista tengist ferðaðjónustu á einhvern máta,“ segir Jóhannes Þór.

Að sögn Jóhannesar Þórs eru Samtök ferðaðjónustunnar á heildina

lítið sátt við framtak stjórnsvalda. Það hafi hvatt Íslendinga til ferðalaga innanlands og vakið athygli á möguleikum og þjónustu í boði. „Það er ýmislegt sem hefði verið hægt að gera öðruvísi en það sem var gert var gott,“ segir hann.

„Ferðagjöfin hefur verið notuð alveg slatta og mikið síðustu daga,“ segir Gunnlaugur Jónasson, hótelstjóri á Gistihúsinu Lake Hotel á Egilsstöðum. „Það var keypt mikið af gjafakortum alveg til miðnættis. Það er alveg bunki sem á eftir að ná í.“

Gunnlaugur segir að fólk hafi einnig notað ferðagjöfina mikið í allt sumar en mikill gangur hafi komið í nýtinguna síðustu vikur. „Það var eins og fólk væri búið að gleyma því að þetta væri að fara að renna út,“ segir hann. ■

RAFMÓTORAR



SCANVER EHF 588 80 40
www.scanver.is

GÍRAR - FÆRIBÖND - RAFMÓTORAR - LEGUR

Búi við Laugarveg en ekki Laugaveg

gar@frettabladid.is

VARMAHLÍÐ Íbúar við götuna Laugaveg hafa í tvígang á þessu ári óskað eftir því við yfirvöld í sveitarfélaginu Skagafirði að nafni götunnar verði breytt í Laugarvegur með r-i.

Munu íbúarnir meðal annars vísa til þess að gatan hafi dregið nafn sitt af aðeins einni laug sem hafi verið þar á svæðinu. Nafnið eigi því að vera í eintölu.

Erna Geirsdóttir, sem skilaði undirskriftalista fyrir hönd íbúa við götuna, baðst undan því að tjá sig við Fréttablaðið.

Málið er ekki síst sérstakt fyrir þær sakir að þrátt fyrir að gatan heiti Laugavegur í opinberum gögnum stendur skýrum stöfum Laugarvegur á götuskiltninu. Aurskríða féll á tvö hús við götuna fyrr í sumar.

Í fundargerð skipulags- og byggingarnefndar er sagt frá því að birst hafi áskorun um nafnabreytinguna í júlí. Óundirritaðri tillögu sem borist hafi í lok ágúst hafi verið hafnað 9. september. Borist hafi undirskriftalisti 22. september með nöfnum mikils meirihluta íbúa við Laugaveg – eða Laugarveg eins og íbúarnir segja.

Segir skipulagsnefndin að starfs-



Verðlaun voru veitt Laugarvegi sem heitir reyndar Laugavegur þótt Laugarvegur standi á götuskiltninu.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



Hreppsnefnd ákvað 1980 að gatan héti Laugarvegur en ekki Grundargata eins og lagt hafði verið til.

fólk Héraðsskjalasafns Skagfirðinga hafi lesið sig í gegnum fundargerðabækur byggingarnefndar og hreppsnefndar Seyluhrepps.

„Aldrei kemur fram nafnið Laugarvegur,“ bókaði nefndin á þar-síðasta fundi sínum og hafnaði þá nafnabreytingunni. Á síðasta fundi var málið hins vegar aftur tekið á dagskrá í ljósi undirskriftalistans en afgreiðslu þess frestað. ■



Hinn eini sanni Slátur- markaður

Aðeins í Hagkaup Kringlunni
Afgreitt þriðjudaga - föstudaga
kl. 14 - 18

HAGKAUP

Ódýrt og gott

Þrjú slátur duga í u.þ.b. níu máltíðir fyrir fjögurra manna fjölskyldu,
ef allt hráefnið er notað og bæði gerð lifrarpylsa og blóðmör

Eistu	749 kr/kg
Dilkanýru	499 kr/kg
Sviðahausar	629 kr/kg
Kalóneraðar vambir 3 stk	1.399 kr/pk

Dilkalifur	479 kr/kg
Dilkahjörtu	679 kr/kg
Þindar 5 kg/poka	479 kr/kg
Blóð 1 lítri	249 kr/ltr

Próteinkeppir 10 stk	1.549 kr/pk
Brytjaður mör u.þ.b. 3 kg	289 kr/kg
Mör	199 kr/kg
Ferskt heilslátur 3 stk	4.699 kr/pk

Reitir kaupa eigin bréf ári eftir hlutafjáraukningu

helgivifill@frettabladid.is

Ýmsir sem starfa á fjármálamarkaði eru hvumsa yfir því að fasteigna-félagið Reitir hafi við lok árs 2020 ráðist í hlutafjáraukningu á genginu 43 en horfi nú til þess að kaupa eigin bréf þegar gengið er 75 krónur á hlut. Í hlutafjárútboðinu í október safnaði fasteignafélagið rúmlega fimm milljörðum króna en í febrúar greiddi félagið 778 milljónir í arð.

”Hluti fjármunanna var greiddur til baka til hluthafa í formi arðs en félagið hefur síðan fjárfest í fasteignum og þróunarreitum fyrir um sex milljarða á áhugaverðum verðum fyrir hluthafa félagsins.



Guðjón Auðunsson, forstjóri Reita, segir að Reitir hafi sótt fjármagn þegar efnahagslífið glímdi við erfiðleika í ljósi Covid-19 heimsfaraldursins til að styrkja efnahag félagsins og gera það í stakk búið til að nýta möguleg fjárfestingartækifæri sem myndu skapast í eftirmálum bylgjunnar.

„Hlutafjárútgáfa fyrirtækja er fyrst og fremst málefni og ákvörðun hluthafa og var þessi ákvörðun samþykkt af yfir 85 prósentum hluthafa í félaginu. Hluti fjármunanna var greiddur til baka til hluthafa í formi arðs en félagið hefur síðan fjárfest í fasteignum og þróunarreitum fyrir um sex milljarða á áhugaverðum verðum fyrir hluthafa félagsins,” segir hann.

Guðjón segir að nú, tæpu ári eftir að hluthafar hafi ákveðið að auka hlutafé Reita, þurfi að slá striki undir þessi mál. Stjórnin þurfi að fylgja annarri ákvörðun sem hluthafar félagsins hafi sett félaginu sem sé að skila um þriðjungi af rekstrarhagnaði hvers árs til hluthafanna í formi arðgreiðslna og/eða endurkaupa. „Þessi endurkaupaáætlun er fyrst og fremst gerð til þess að fylgja þessari langtíma stefnu sem hluthafarnir settu og reyna að koma hlutum í réttan farveg nú þegar Covid-19 heimsfaraldurinn er að mestu að baki,” segir hann. ■



Árni segir að oft markist þroski fyrirtækja af stigi fjármögnunar. Fjármögnun á klakstigi sé yfirleitt ætlað að gera frumkvöðlum kleift að stiga sín fyrstu skref en á visistigi vilji fjárfestar fá staðfestingu á að raunveruleg eftirspurn sé eftir vörunni eða þjónustunni.

MYND/ADSEND

Brunnur II fjárfesti í fjórum sprotum

Vísisjóðurinn Brunnur II fjárfesti í Overtune sem hjálpar fólki að skapa tónlist til að dreifa á samfélagsmiðlum, Kosmi býður upp á stafrænan afþreyingarvettvang, stefnumótasmáforritið Smitten Dating og Standby Deposits sem þróar fjártækniþjónustu fyrir Bandaríkjamarkað.

helgivifill@frettabladid.is

Vísisjóðurinn Brunnur vaxtarsjóður II, sem lauk 8,3 milljarða króna fjármögnun í mars, hefur fjárfest í fjórum fyrirtækjum, tveimur á hugmyndastigi og tveimur á klakstigi. „Fjárfestingar á klakstigi eru fremur litlar en sjóðurinn horfir til þess að fjárfesta í að minnsta kosti tólf fyrirtækjum á visistigi,” segir Árni Blöndal, fjárfestingastjóri og annar stofnenda Brunns Ventures sem rekur sjóðinn í samstarfi við Landsbréf. „Stærri fjárfestingar eru í pípunum,” bætir hann við.

Fjárfestingar á klakstigi (e. seed stage) eru oft á bilinu 0,5 til 2 milljónir Bandaríkjadala, jafnvirði 65-260 milljóna króna, en fyrirtæki á visistigi (e. early stage) sækja oft fjármögnun á bilinu 5 til 10 milljónir Bandaríkjadala, jafnvirði 650 milljóna króna til 1,3 milljarða króna, að sögn Árna.

Sprotarnir sem Brunnur II hefur fjárfest í eru Overtune sem hjálpar fólki að skapa eigin tónlist án þekkingar á því sviði til að dreifa á samfélagsmiðlum. Á meðal fjárfesta er stofnandi tölvuleiksins Guitar Hero;

Gróskan í sprotaumhverfinu aldrei meiri

„Gróskan í sprotaumhverfinu hefur aldrei verið meiri. Okkur þótti til dæmis staðan góð árið 2015 og tækifærin mýmörg en nú eru frumkvöðlarnir enn færari á sínu sviði.“ Þetta segir Árni Blöndal, fjárfestingastjóri og annar stofnenda Brunns Ventures, sem rekur tvo vísisjóði, Brunn I og Brunn II.

Hann bendir á að á árinu 2015 hafi sprottið fram þrír vísisjóðir hér á landi, þar á meðal var Brunnur I, og nú í ár hafi fimm verið kynntir til leiks. „Það hefur því aldrei verið betra að vera frumkvöðull sem horfir til þess að afla fé í nýsköpun,” segir Árni.

”Stærri fjárfestingar eru í pípunum.

Árni Blöndal, fjárfestingastjóri Brunns Ventures

Kosmi sem býður upp á stafrænan afþreyingarvettvang (e. virtual hang-out) þar sem fólk getur hist í myndspjalli og skemmt sér saman, til dæmis horft á bíómynd, spilað tölvuleiki og ýmislegt annað; The One Company rekur stefnumótasmáforritið Smitten Dating sem hjálpar fólki að koma á ánægjuleg-

um samskiptum til dæmis í gegnum leiki og Standby Deposits þróar fjártækniþjónustu fyrir Bandaríkjamarkað sem býður leigutökum á íbúðamarkaði upp á bankaábyrgðir í stað þess að leggja fram fé til tryggingar á leigugreiðslum og tjóni.

„Brunnur II fjárfestir í fyrirtækjum á hugmyndastigi (e. pre-seed stage), klakstigi og visistigi. Fyrri sjóður okkar, Brunnur I, fjárfesti ekki í fyrirtækjum á hugmyndastigi, en nú reukum við samhliða stærri sjóð og fjárfestum því jafnframt í fyrirtækjum sem eru á hugmyndastigi því það hefur skort á fé til slíkra fjárfestinga hér á landi. Brunnur hefur náð góðum árangri í að fá til liðs við sig fjárfesta á seinni stigum, þá sérstaklega sérhæfða vísisjóði sem er afar mikilvægt fyrir félögin upp á tengingar, þekkingu og fjármagn,” segir hann.

Árni segir að vöxtur fyrirtækja fylgi tilteknum tröppugangi en oft markist þroski þeirra af stigi fjármögnunar. Fjármögnun á klakstigi sé yfirleitt ætlað að gera frumkvöðlum kleift að stiga sín fyrstu skref eins

og að framleiða frumgerð af vöru eða fyrstu útgáfu af hugbúnaði og fá viðbrögð frá mögulegum viðskiptavinum. Á visistigi vilja fjárfestar alla jafna fá staðfestingu á að raunveruleg eftirspurn sé eftir vörunni eða þjónustunni.

„Það er mikilvægasti mælikvarðinn til að meta hvort hægt sé að sækja enn hraðar fram með frekari fjármögnun á svokölluðu vaxtar-skeiði (e. growth stage). Á vaxtarstigi eru fyrirtæki oft að afla meira en tíu milljóna Bandaríkjadala eða yfir 1,3 milljarða króna. Á því stigi horfa fjárfestar til þess að fá það staðfest að fyrirtækið geti skalast hratt. Með því er átt við að hver viðbótarsala eftir að tiltekinni sölu er náð skili félaginu margfalt meiri framlegð. Þetta gerist alla jafna hjá félagi sem nýtur forskots í ljósi þess að það er fyrst á markaðinn, hugverkaþróunar eða einkaleyfis-verndar sem búið er fjármagna, yfirleitt með tapi yfir lengri tíma,” segir hann.

Árni segir að gjarnan sé talað um að félag sé komið á vaxtarstig í fjármögnun þegar það sé rekið með hagnaði eftir taprekstur á klak- og visistigi. „Á þessu stigi er mikilvægt að sýna fram á að fjármögnunin skili vexti í tekjuöflun án þess að kostnaður vaxi jafn hratt á móti. Þegar það er orðið ljóst þá sé jafnvel farið í enn frekari fjármagnanir til þess að tryggja sér markaðsráðandi stöðu. Síðasta skeiðið sem á endanum skilar peningunum til baka til fjárfestanna er annaðhvort í gegnum sölu til stærra félags eða með skráningu í kauphöll,” segir hann. ■

Sjónmælingar eru okkar fag

Tímapantanir á opticalstudio.is og í síma 511 5800

Optical Studio

SMÁRALIND • HAFNARTORG • KEFLAVÍK

GJAFAKORT S4S

BEINT Í SÍMANN ENDIST AÐ EILÍFU

Engar áhyggjur. Þú virkjar Gjafakort S4S í símanum þínum
og getur notað það í öllum verslunum S4S – að eilífu.



ELLINGSEN AIR STEINAR WAAGE ECCO Skón.is Toppskórin SKECHERS Kaupfélagið

S4S
SKREF FYRIR SKREF

Á eignaverð að stýra vaxtastefnu Seðlabankans?



Ásdís Kristjánsdóttir aðstoðarframkvæmdastjóri SA

Hér á landi hefur kostnaður vegna eigin húsnæðis um það bil fimmtungs vægi í vísitölu neysluverðs. Eðli máls samkvæmt hefur þróun húsnæðisverðs því mikil áhrif á íslenskt vaxtastig og heldur meira að jafnaði en gengur og gerist víða erlendis. Á síðustu tólf mánuðum hefur vísitala neysluverðs hækkað um 4,4 prósent en vísitala neysluverðs án húsnæðis er við verðbólgu markmið. Með öðrum orðum, það sem hefur helst drifið áfram verðbólgu síðustu miss- eri er hækkun húsnæðisverðs.

Sú staða sem nú er uppi hefur áður sést og var nokkuð fyrirséð. Húsnæðisverð á höfuðborgarsvæðinu hefur hækkað að meðaltali um ríflega 16

prósent á síðastliðnu ári og virðist fátt benda til annars en að það muni áfram hækka. Verðhækkanir á eignamarkaði eru ekki óeðlilegar þegar vextir lækka og laun hækka líkt og verið hefur. Það sem hins vegar vegur þyngra nú er framboðsskortur á húsnæði sem hefur þrýst verðinu enn hraðar upp samhliða því að íbúðum til sölu hefur farið hratt fækkandi.

Seðlabankastjóri gagnrýndi vandræðaganginn við skipulagsmál á Íslandi í viðtali nýverið. Hér er einfaldlega of lítið byggt og of fáum lóðum úthlutað. Einkum er það stærsta sveitarfélagið, Reykjavík, sem virðist enn á ný hafa sofið á verðinum. Samkvæmt talningu Samtaka iðnaðarins hafa ekki verið færri íbúðir í byggingu á höfuðborgarsvæðinu síðan í febrúar 2017 og mælist samdrátturinn á síðustu tólf mánuðum mestur í Reykjavík. Þó það hljómi undarlega má segja að framboðsskortur á húsnæði í Reykjavík hafi bein áhrif á það hvort verðbólgu markmið Seðlabankans haldi eða ekki.

Almennt er viðtekið að vextir séu



fremur máttlaust stjórntæki gegn miklum eignaverðshækkunum og reyndar er Ísland skólabókindæmi um slíkt. Á árunum 2004-2007 var reynt að draga úr verðhækkun fasteigna með miklum stýrivaxta- hækkunum með þeim afleiðingum að krónan styrktist, eftirspurn jókst, viðskiptahalli náði stærð sem ekki hafði sést áður og fasteignaverð hélt

áfram að hækka. Fórarskipti þess að beita stýrivöxtum á eignaverð annars vegar og hagvaxtar og efnahagslegs stöðugleika hins vegar, geta því orðið talsverð.

Staðreyndin er sú að verð á eignamörkuðum er almennt mjög sveiflukennt. Þetta á ekki síður við fasteignaverð enda framboð fremur seint að bregðast við breyttri eftir-

spurn. Þá er fasteignamarkaðurinn á Íslandi ekki stór í alþjóðlegum sam- anburði, fremur eins og lítið úthverfi í samanburði við breska, sænska eða þýska húsnæðismarkaðinn, svo dæmi séu tekin. Sveiflurnar geta því orðið enn meiri.

Ólíkt því sem áður var hefur stjórntækjum Seðlabankans fjölgað, en flest eru þau á forræði fjármála- stöðugleikanefndar. Takmarkanir á veðsetningarhlutföllum og greiðslu- byrði fasteignalána eru dæmi um slík stjórntæki. Meginstjórntæki peningastefnunefndar er hins vegar stýrivextir og hennar helsta hlutverk að tryggja stöðugt verðlag. Eigna- verðshækkanir stýrðu áður fyrr vaxtastefnu Seðlabankans, sú til- raun mistókst og má ekki endurtaka sig. Eftir stendur sú spurning hvort húsnæðisliður sem sveiflast upp og niður eftir því hvernig skipulags- málum er háttað í Reykjavík eigi yfir- höfuð heima í verðbólgu markmiði Seðlabankans? Aðrir eignamarkaðir heyra alfarið undir fjármálastöðug- leika, af hverju gildir hið sama ekki um fasteignamarkaðinn? ■



Kauphöllin segir að hærri flokkun sé skref á fram við. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Hækkun gæðaflokkunar vekur athygli á markaðnum erlendis

Það að vísitölufyrirtækið FTSE Russell hafi til skoðunar að hækka gæðaflokkun íslenska hlutabréfa- markaðarins hjálpar til við að vekja athygli á markaðnum. „Bein áhrif á flæðið sem hægt er að reikna sig á er lítið sem ekkert,“ segir Sveinn Þórarinnsson, greinandi hjá Lands- bankanum.

Markaðurinn hefur sagt frá því að FTSE Russell skoði að hækka flokk- unina úr vaxtarmarkaði (e. fron-

tier) í annars flokks nýiðnvætt ríki (e. secondary emerging). Á meðal landa sem fyrirtækið flokkar með þeim hætti eru Kína og Indland.

Magnús Harðarson, forstjóri Kauphallarinnar, sagði við frétt- a- vef Markaðarins að þetta væri skref fram á við til að komast í enn stærra mengi, sem beini sjónum fleiri erlendra fjárfesta, sem höfðu ekki veitt honum gaum áður, að markaðnum. Þetta komi til með að styrkja markaðinn og auka virkni. ■



FJÁRFESTING Í SJÓÐUM ER GÓÐUR VALKOSTUR
TIL AÐ ÁVAXTA PENINGA TIL SKEMMRI OG LENGRI TÍMA



Kynntu þér árangur og úrval íV sjóða á [WWW.IV.IS](http://www.iv.is)

ÍSLENSK VERÐBRÉF
— síðan 1987 —

Væri gaman að geta sagt að fallhlífarstökk væri áhugamál

Svipmynd
Sigrún Hjartardóttir

Nám: BS í viðskiptafræði frá Bifröst, MA í stjórnmálafræði með áherslu á stjórnmála- og hagsögu Asíu frá háskólanum í Lundi. Próf í verðbréfavíðskiptum.

Störf: Forstöðumaður fjár- stýringar, áhættustýringar og umbótaverkefna hjá Icelandair Group. Sit einnig í stjórn Eftir- launasjóðs flugmanna. Þar áður var ég 13 ár hjá Íslandsbanka, lengst af í fyrirtækjaráðgjöf en einnig fjárfestatengslum og stefnumarkandi verkefnum.

Fjölskylduhagir: Gift Elvari Vil- hjálmssyni viðskiptafræðingi, sölustjóra hjá Avis bílaleigu. Fjölskyldan samanstendur af okkur hjónum, börnunum okkar þremur, Agli Orra, Marteini William og Ragnheiði Gróu, ásamt Havanese-hundunum okkar, þeim Flóka og Lubba.

helgivifill@frettabladid.is



Sigrún hefur óhemjugaman af því að bjóða fólki í mat. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

draga okkur systkinin á bókasöfn í æsku. 2021 var árið sem ég loksins uppgötvaði hljóðbækur sem nýttast vel við útihlaup og labb. (Óþolin- móða ég spila þær gjarnan á tvö- földum hraða til að spara tíma.)

Þær eru margar sögurnar sem hafa snert við manni og get ég nefnt til dæmis Konan í köflotta stólnum eftir Þórunni Stefánsdóttur, sem segir einlægt og hispurslaust frá baráttu sinni við þunglyndi. Dýra- lif eftir Auði Övu spændi ég í mig og fannst á köflum ég vera að lesa eigin hugsanir. En líklega er Karítas án titils eftir Kristínu Mörju sú sem hefur haft hvað mest áhrif á mig.

Mér hefur alltaf fundist mjög áhugavert og í raun hollt að velta fyrir mér hlutskipti og lífsbaráttu formæðra minna. Það gerir manni gott að muna og þakka fyrir hversu langt við höfum náð, ekki bara í jafn- réttisbaráttunni heldur í bættum almennum lífskjörum og tækifærum fólks til að ráða sér sjálft og feta eigin leið í lífinu.

Hver hafa verið mest krefjandi verkefnin á undanförnum miss- erum?

Því er auðsvarað: Fjárhagsleg end- urskipulagning Icelandair Group. Ég hóf störf hjá félaginu 5. mars 2020 þannig að ég var á sjötta degi í starfi þegar ferðabann var sett á til Banda- ríkjanna sem engan gat óráð fyrir að myndi vara í 19 mánuði. Á viku þrjú var flugáætlanin komin í brot af því sem fyrirhugað var og félag-

”
Ég hóf störf hjá félag- inu 5. mars 2020 þannig að ég var á sjötta degi í starfi þegar ferðabann var sett á til Bandaríkjanna.

íð ekki einungis orðið svo gott sem tekjulaust heldur þurftum við að endurgreiða tugþúsundir bókana vegna niðurfellinga á flugum. Það tók aðeins á að stýra lausafé sam- stæðunnar við þessar aðstæður.

Samtímis því var ég svo í stýri- hópnum sem leiddi endurskipu- lagninguna og við Eva Sóley fram- kvæmdastjóri fjármála vorum á fullu í samningaviðræðum við alla helstu lánardrottna. Hún var því hressandi byrjunin á nýja starfinu.

Hver er þín uppáhaldsborg?

Margar eru kallaðar en ætli Lond- on sé ekki með vinninginn. Hún er að minnsta kosti sú sem ég hef komið langoftast til. Falleg, full af sögu og merkm byggingum, iðandi fjölbjóðlegt mannlíf, góðir veitinga- staðir, gott kaffi, fótbolti og stutt að fara. Hvað viltu hafa það betra? ■

Menntamál í forgang

Framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs Íslands segir að fjölga þurfi valkostum í menntakerfinu og styrkja þurfi alþjóðlegt nám.

magdalena@frettabladid.is

Menntamálin fengu ekki næga athygli í kosningabaráttunni að mati Viðskiptaráðs Íslands. Svanhildur Hólm Valsdóttir, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs, segir að skapa þurfi menntamálunum stærri sess til að mynda með því að gefa þeim óskipta athygli eins ráðherra.

„Menntamálin eru afar mikilvægur málaflokkur og algjör grunnforsenda þess að við getum haldið áfram að sækja fram sem samfélag. Að okkar mati hafa þau ekki fengið þá athygli sem þau eiga skilið,“ segir Svanhildur og bætir við að fjölga þurfi valkostum í menntakerfinu.

„Við höfum ekki verið að koma vel út í PISA-könnunum, vorum til dæmis neðst Norðurlandanna síðast og höfum dregist aftur úr í lesskilningi,“ segir hún og bætir við að þó að það hafi verið gert átak í þeim efnum fyrir nokkrum árum virðist það ekki enn hafa skilað sér í bættum árangri.

„Við þurfum jafnt og þétt að halda utan um nemendur á öllum skólastigum og horfast í augu við það að þeir hafa afar mismunandi styrkleika sem þarf að sinna á ólíkan máta. Svo þurfum við alltaf að vera á tænum og bregðast við kröfum nútímans. Við vitum að okkur



Svanhildur Hólm Valsdóttir, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs, segir að menntamálin þyrftu að fá óskipta athygli eins ráðherra. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

skortir fólk með svokallaða STEM-menntun, sem eru vísinda-, tækni-, verkfræði- og stærðfræðigreinar, og þurfum að vinna markvisst að því að hlúa að þeim. Um leið er nauðsynlegt að fjölga valkostum, bæði fyrir nemendur og kennara, með blönduðum rekstri í menntakerfinu.“

Hún segir jafnframt að bráðnaðsynlegt sé að styrkja alþjóðlegt nám á Íslandi. „Að styrkja alþjóðlegt nám er mikilvægur þáttur í því að auka samkeppnishæfni okkar, ásamt því að vera líka hluti af því að taka vel á móti fólki sem hefur

ekki íslensku að móðurmáli, kemur hér um skemmri tíma og vill halda samfellu í námi barna sinna. Auk þess getur þetta verið valkostur fyrir börn Íslendinga sem snúa aftur heim að loknu námi eða vinnu erlendis. Við myndum því vilja bæta aðgengi að alþjóðlegu námi, en nú eru alþjóðlegir grunnskólar einungis tveir, báðir á höfuðborgarsvæðinu og geta ekki annað eftirspurn. Það þarf líka að styðja við alþjóðlegt nám á framhaldsskólastigi, en eins og staðan er nú held ég að MH sé eini skólinn sem býður upp á slíka braut.“ ■

AtonJL ráðleggur KSÍ í stað KOM

magdalena@frettabladid.is

Knattspyrnusamband Íslands (KSÍ) hefur ráðið almannatengslafyrirtækið AtonJL sem ráðgjafa. Þetta staðfestir Ómar Smárason, deildarstjóri samskipta hjá KSÍ, í samtali við Markaðinn.

Mikið hefur verið rætt um KSÍ í fjölmiðlum í tengslum við ásak-anir um kynferðisbrot. Almanna-tengslafyrirtækið KOM vann áður með KSÍ í afmörkuðum verkefnum. „KOM hefur verið að vinna með KSÍ

síðustu ár og verið aðallega í verk-efnum í tengslum við fyrrverandi formann sambandsins. Þannig að þegar formaðurinn steig til hliðar var samstarfinu sjálfhætt,“ segir Ómar og bætir við að í kjölfarið hafi sambandið leitað að nýrri almanna-tengslastofu. „Um það bil tveimur vikum eftir að samstarfinu var hætt fórum við að leita okkur ráðgjafar og aðstoðar með samskipti og upp-lýsingagjöf. Við fengum góð með-mæli með AtonJL og réðum þau til okkar í tímabundið verkefni.“ ■

TM

Eitt

klikk



og allt

getur

klikkað!

Með Netöryggistryggingu TM er þitt fyrirtæki verndað gegn fjárhagslegu tapi í kjölfar netárásar, gagnaleka eða auðkennisþjófnaðar.

Kynntu þér málið á tm.is

Hugsum í framtíð

AUGLÝSING

Umsóknir um fjárfestingu frá Kríu – sprota- og nýsköpunarsjóði

Með vísan til laga nr. 65/2020 um Kríu – sprota- og nýsköpunarsjóð, reglugerð nr. 255/2021, og starfsreglna stjórnar, er hér með auglýst eftir umsóknum frá sérhæfðum sjóðum um fjárfestingu frá Kríu – sprota- og nýsköpunarsjóði.

Kríu – sprota- og nýsköpunarsjóði er heimilt að fjárfesta í sérhæfðum sjóðum sem hafa þann tilgang að fjárfesta í sprota- og nýsköpunarfyrirtækjum og uppfylla skilyrði laga og reglna sjóðsins. Frekari upplýsingar um skilyrði er að finna í 5. gr. reglugerðar 255/2021 um Kríu – sprota- og nýsköpunarsjóðs.

Heildarfjárhæð sem Kría – sprota- og nýsköpunarsjóður hefur til fjárfestinga á þessu umsóknartímabili er allt að 2,24 milljarðar kr. Að hámarki getur eignarhlutur Kríu í sérhverjum sjóði verið 30% af heildarfjármagnsframlagi og óinnheimtu stofnfé viðkomandi sjóðs en aldrei numið hærri fjárhæð en 2 milljörðum kr.

Upplýsingar um skilyrði fyrir fjárfestingu Kríu og um fylgigögn sem skulu fylgja með umsókn má finna á www.kriaventures.is/umsoknir. Þeir sérhæfðu sjóðir sem hafa áhuga á að sækja um og telja sig uppfylla skilyrði fyrir fjárfestingu frá Kríu geta nálgast umsóknareyðublað og upplýsingar um frekari fylgigögn umsókna með því að senda tölvupóst á umsoknir@kriaventures.is.

Kría – sprota- og nýsköpunarsjóður er sjálfstæður sjóður í eigu ríkisins og heyrir undir ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra. Hlutverk Kríu er að stuðla að uppbyggingu og framþróun fjármögnunarumhverfis sprota- og nýsköpunarfyrirtækja hér á landi með því að fjárfesta í sérhæfðum fjárfestingarsjóðum, svokölluðum vísisjóðum (e. venture capital funds), sem sjálfir fjárfesta í nýskapandi sprotafyrirtækjum.

Umsóknartímabilið er frá og með 6. október 2021 til 3. nóvember 2021.

www.kriaventures.is

Allt er betra en íhaldið



Adalheiður
Ámundadóttir
adalheidur
@frettabladid.is

Það er lýðræðið innan Sjálfstæðisflokksins sem hefur tryggt honum þá sterku stöðu sem hann nýtur þrátt fyrir allt, umfram aðra stjórnmálaflokka. Flokkurinn rúmar fólk með ólíkar skoðanir á hægrivængnum. Þingflokkur, borgarstjórnarflokkur og fulltrúar flokksins víða um land endurspegla, allavega að einhverju leyti, þessa breidd.

Kjósendur sem vilja umfram allt að landinu sé stýrt af öðrum en Sjálfstæðisflokknum eru á flæðiskeri staddir. Mörg þeirra hafa frá upphafi vitað að flokkurinn sem þau veðja á í kjörklefanum muni líklega ekki setjast í ríkisstjórn. Það er ómurlegt. Það er ómurlegt að jafnhátt hlutfall og raun ber vitni hafi engan annan kost en að kjósa stjórnarandstöðu næstu fjögur ár.

Öllum ber saman um að óvenjumargir kjósendur hafi verið óákveðnir í nýafstöðnum kosningum og hafi ekki gert endanlega upp hug sinn fyrr en í kjörklefanum. Gallup hefur unnið um þetta kannanir síðustu ár, sem renna stóðum undir þá kenningu að kjósendur séu ekki fastir í flokksförum eins og áður. Árið 2007 höfðu 57 prósent ákveðið sig meira en mánuði fyrir kosningar. Í kosningunum 2016 og 2017 var þessi tala komin niður í 31 prósent.

Skýrendur hafa ekki litið þetta neikvæðum augum, heldur talið breytinguna til marks um að fólk sé ekki lengur fast í viðjum fjórlokksins. En er víst að kjósendur fagni þeirri stöðu að geta valið á milli þess að kjósa ríkisstjórn sem þeir eru óánægðir með, eða stjórnarandstöðu sem ræður engu?

Af hverju getur Samfylkingin til dæmis, sem er elst flokkanna á átta til tíu prósentu rófinu, ekki opnað faðminn og rúmað skipulögð félög fátækra jafnaðarmanna, menntaðra jafnaðarmanna, feminista, róttækra feminista, Evrópusinna, umhverfissinna, félagshyggjubenda og önnur félög um hver þau málefni sem andstæðingum Sjálfstæðisflokksins eru hugleikin?

Flokkur innbyrðis ólíkra félaga þarf vissulega öflugt innra lýðræði en það er langt í frá neikvætt að gefa lýðræðinu rými í grásrótinni.

Misskilningurinn er að trúa því að fleiri félagar og ólíkar skoðanir hefti flokka og kjörna fulltrúa þeirra. Því það skilar þrátt fyrir allt meiri árangri á endanum að setta sig við að þola ekki suma af sínum eigin flokksfélögum en að hatast við Sjálfstæðisflokkinn og geta ekkert gert í því. ■

■ Halldór



■ Frá degi til dags

arib@frettabladid.is

Þjóðaráttak fyrir Brynjar

Magnús Norðdahl, Piratakafteinn í Norðvesturkjördæmi, lætur nú reyna á uppkosningu í kjördæminu og er það hans eini möguleiki til að rata inn á þing. Það sem hann, og reyndar fleiri, virðist ekki átta sig á er að slíkt myndi eingöngu skemmta skrattanum. Lítil kjörsókn spilar beint upp í hendurnar á kosningamaskínu Sjálfstæðismanna sem færi í sjötta gir til að koma Teiti Birni Einarssyni inn og kosningaþreskivél Framsóknar sem vill halda efsta sætinu. Það riðlar öllum jöfnunarþingmönnum. Má því líta á þetta sem þjóðaráttak til að koma Brynjari Nielssyni aftur á þing.

Sérfræðingur að utan

Við búum við þann munað að þegar við höfum keyrt út í skurð er alltaf hægt að hringja í sérfræðing að utan, einhvern sem hefur séð heiminn, er ekki í vasanum á einhverjum smákóngi og einhvern sem þarf ekki að redda vinnu fyrir sauðheimskan frænda sinn. Mörg eru dæmin. Karl Schutz, Svein Harald Øygard, Bogdan Kowalczyk og Lars Lagerbäck. Landspítalinn má hvorki við æstum Sjálfstæðismanni né kommúnista sem hefur ekki hitt sjúkling í áratugi. Fyrsta verkefni nýs heilbrigðisráðherra verður að heyra í nágrannabjórðunum og sjá hvort þeir eigi einhvern. ■

Borgarlínan – hvað svo?



Líf Magneudóttir
borgarfulltrúi
Vinstri grænna

Þegar við stöndum frammi fyrir vandamálum sem flækja líf okkar reynum við auðvitað fyrst og fremst að leysa þau. Við sem höfum eytt dýrmætum tíma norpandi á stoppistöðvum, föst í umferðinni og á þeytingi á háannatímum, vitum að þessu ástandi verður ekki unað til framtíðar. Umferðarhnútin verður að leysa!

Sem betur fer er Borgarlínan komin á fleggiferð með þéttari byggð og betra skipulagi. Sífellt fleiri sjá að kerfi sem byggir á öflugum, tíðum og hraðvirkum hágæða almenningssamgöngum í sérrými er sú lausn sem við eignum að reida okkur á frekar en fleiri mislæg gatnamót og akvegi. Það var því sérlega ánægjulegt að þverpólitísk samstaða hafi náðst um þetta mikla hagsmunamál íbúa höfuðborgarsvæðisins og að fyrsti áfangi Borgarlínunnar færist af teikniborðinu og til framkvæmdar eftir áramót.

En hvert ætti næsta stóra verkefni ríkisins og höfuðborgarinnar að vera? Að mínu mati ætti næsta stóra samvinnuverkefni okkar að vera róttækar breytingar á fyrirkomulagi samgöngumála á Íslandi öllu. Í ljósi loftslagsbreytinga er brýnt að við náum viðtækri sátt um að virkir ferðamátar og vistvarnar samgöngur séu rétta leiðin og við þurfum enn frekari samvinnu til að ryðja í burtu hindrunum sem standa í veginum.

Við þurfum því að stokka upp í núverandi fyrirkomulagi. Fyrst skrefið væri að stofna Samgöngustofu höfuðborgarsvæðisins, sem væri í umsjón sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu, og Samgöngustofu Íslands sem væri sameinuð Vegagerð og Samgöngustofa. Þótt báðum einungum væri ætlað að þjónusta alla ferðamáta yrðu hlutverk þeirra og áherslur ólíkar. Samgöngustofa höfuðborgarsvæðisins hefði til dæmis það að markmiði að fækka eignum kílómetrum, draga úr umferð, stórauka hlutdeild virkra ferðamáta og byggja upp samkeppnishæft samgöngukerfi.

Það er nefnilega komið að tímamótum í þróun samgangna á Íslandi og allar stórhuga umbætur skila okkur ómetanlegum lífs- og umhverfisgæðum, betri heilsu og heilnæmu umhverfi og yrðu til þess að stemma stigu við loftslagsbreytingum af mannavöldum. Þetta ætti að vera hagsmunamál allra landsmanna. ■

Oktoberfest

Gæða Lederhosen, kjólar og fylgihlutir beint frá Þýskalandi!

Hokus Pokus

www.hokuspokus.is

Verslun og vefverslun

Laugavegi 69 S. 551-7955

ALLT

MIÐVIKUDAGUR 6. október 2021

KYNNINGARBLAÐ



Harry Potter og félagar njóta mikilla vinsælda, ekki sist hjá börnum og unglingum.

MYND/IMDB.COM

Vinsæll Harry Potter-klúbbur

starri@frettabladid.is

Nýlega var stofnaður Harry Potter-klúbbur hjá Borgarbókasafninu sem er ætlaður krökkum sem hafa brennandi áhuga á Harry Potter. Klúbburinn er tvískiptur, í öðrum hópnum eru 9-12 ára en hinum 13-16 ára.

Á morgun, fimmtudag, verður annar fundur í eldri aldurshópnum þegar aðdáendur töfrastráksins og félaga hans hittast á Borgarbókasafninu í Gerðubergi í Breiðholti í Reykjavík en eldri hópurinn hittist vikulega þar í vetur klukkan 16.30-18.

Í klúbbnum fer fram fjölbreytt starfsemi í vetur þar sem krakkararnir meðal annars spila, spjalla, teikna, horfa á myndir, búa til efni sem tengist Harry Potter, borða fjölbragðabaunir, læra Quidditch eða í raun bara það sem þeim dettur í hug.

Fyrir alla krakka

Harry Potter-klúbburinn hentar vel fyrir krakka sem finna sig ekki í hefðbundnu tómstundastarfi eins og íþróttum, hafa ekki kjark til að mæta í stóru félagsmiðstöðvarnar en einnig opnum og listrænum krökkum sem sjá þarna vettvang til að spreyta sig og reyna eitthvað nýtt. Yngri aldurshópurinn hittist vikulega í vetur í Borgarbókasafninu í Kringlunni á miðvikudögum klukkan 14.30-16.

Það kostar ekkert inn en skráning er nauðsynleg hjá Lilju Rut Jónsdóttir, lilja.rut.jonsdottir@reykjavik.is.

Nánari upplýsingar á vef Borgarbókasafnsins, borgarbokasafn.is. ■



LJÓMANDI KOLLAGEN
UPPLIFÐU DÝPRI VIRKNI ÚR
ÍSLENSKU HAFI

Íslenskt í húð & hár
sjáðu árangur á 30 dögum

25%
afsláttur
í Lyfju

PROTIS



Lilja Kjalarsdóttir, framkvæmdastjóri SagaPro, segir tíu prósent fólks þjást af tíðum þvaglátum vegna ofvirkrar blöðru sem hefur neikvæð áhrif á svefn og lífsgæði. SagaPro getur slakað á blöðrunni, bætt svefn og leyft fólki að njóta útivistar án þess að stressast yfir salernisaðstöðu.

MYND/SVAVAR SIGURSTEINSSON

Aukin lífsgæði í áskrift

Náttúrulega lausnin SagaPro slakar á vöðvum blöðrunnar og kemur að miklu gagni gegn ofvirkri blöðru. Núna er hægt að gerast áskrifandi að SagaPro og fá áfyllingu inn um lúgununa í hverjum mánuði. Það er bæði ódýrara, vistvænna og þægilegra. **2**

SagaPro er alislensk og rótgróin vara, en hún var upprunalega þróuð í Háskóla Íslands af Sigmundi Guðbjarnarsyni, fyrrverandi rektor, og kom fyrst á markað árið 2005.

„Síðan þá hefur verið gerð ein klínísk rannsókn á SagaPro og þar kom í ljós að sá hópur innan rannsóknarinnar sem var með ofvirka blöðru hafði mikil not fyrir SagaPro og næturþvaglátum fækkaði,“ segir Lilja Kjalarsdóttir, framkvæmdastjóri SagaNatura, framleiðanda SagaPro, en hún er með doktorsgráðu í líflæknisfræði (e. biomedicine). „Áður var talið að varan virkaði aðallega fyrir karla og blöðruhálskirtil, en þessar niðurstöður kollvörpuðu hugmyndum okkar.

Þar sem við töldum vöruna bara virka fyrir karla voru allir þátttakendur í rannsókninni karlmenn, en það hefur komið í ljós að þetta hefur sömu áhrif á ofvirka blöðru hjá konum og í dag eru 50% notenda konur,“ segir Lilja. „Það er frábært að geta boðið upp á þessa vöru því það er svo margt fólk sem glímir við það vandamál að þurfa að vakna oft á nóttunni til að pissa. Það er ekki mikið rætt um þetta vandamál, en talið er að tíu prósent af mannkyni þjáist af tíðum þvaglátum í einhverju formi og þetta hefur áhrif á alla aldurshópa, þó að tíðnin aukist með aldrinum. Þetta getur haft mikil áhrif á svefn og lífsgæði og til dæmis hindrað fólk í útivist og öðru, þar sem er ekki greiður aðgangur að klósetti.

Um þessar mundir erum við langt komin með aðra klíníska rannsókn, sem er framkvæmd af rannsóknarteymi við háskólann UPM á Spáni. Sú rannsókn er með mun betur skilgreindu þýði en fyrri rannsókn og einblínir eingöngu á einstaklinga með einkenni ofvirkar blöðru hjá körlum og konum á öllum aldri, alls 200 manns,“ segir Lilja. „Niðurstöður rannsóknarinnar hafa ekki verið birtar, en miðað við upplýsingar sem við höfum fengið frá rannsóknarteyminu í Madrid erum við mjög spennt fyrir því að deila lokaniðurstöðum þegar þar á kemur.“

Vistvæn og þægileg áskrift

„SagaPro er er stærsta varan í KeyNatura-vörulínunni og fæst í öllum apótekum og mörgum matvælaverslunum, en á síðasta ári höfum við einnig byggt upp öfluga áskriftarleið,“ segir Lilja. „Fólk getur einfaldlega fengið áfyllingar-poka inn um lúguna sína til að fylla á dósirnar sínar. Þá þarf fólk ekki að hugsa um þetta eða muna eftir þessu og þetta er vistvænna en að kaupa alltaf nýjar dósir.

Þetta hefur gengið gífurlega vel og viðskiptavinir eru allir mjög ánægðir með þessa þjónustu. Með áskrift fær viðskiptavinurinn fría heimsendingu inn um lúguna og 15% afslátt,“ segir Lilja. „SagaPro er undir KeyNatura vörumerkinu en var áður undir SagaMedica vörumerkinu. SagaPro hefur sérstætt útlit, en það er í áldósum. Við höfum lagt mikið upp úr fallegri hönnun á dósunum okkar, svo að fólk sé ekki að fela þær inni í fæðubótarefnaskápnum með hinum plastdósunum, því þá gleymist þetta. Ég er með mínar dósir við kaffivélina og tek þetta alltaf á morgnana og með því að fá þetta sent heim er hægt að vera vistvænni og það verður auðveldara að muna að taka alltaf skammtinn sinn.“

Slakar á blöðruvöðvunum

„SagaPro er búið til úr íslenskri ætíhvönn sem er handtínd úti í Hrísey og við fáum svo þurrkuðu blöðin send til okkar hingað í



Fyrsta sending: Áldós + 60 töflur

Næstu sendingar: Poki með áfyllingu



Eðlileg tóm þvagblaðra

Eðlileg full þvagblaðra
þörf á þvagláti með fulla blöðru

Ofvirk þvagblaðra
þörf á þvagláti með nærri því tóma blöðru

Svona gengur áskriftarkerfið fyrir sig. Í fyrstu sendingu fá viðskiptavinir dós með 60 töflum og í framhaldi af því koma áfyllingar.

MYND/ADSEND

Það hefur komið í ljós að þetta hefur sömu áhrif á ofvirka blöðru hjá konum og í dag eru 50% notenda konur.

Ofvirk blaðra einkennist af mikilli þörf fyrir það að fara á salernið þó svo að blaðran sé ekki full. Þetta getur valdið fólki miklum óþægindum.

MYND/ADSEND

Með áskrift fær viðskiptavinurinn fría heimsendingu inn um lúguna og 15% afslátt.

Hafnarfjörð, þar sem við búum til extrakt sem er svo þurrkað og úr verður SagaPro innihaldsefnið,“ segir Lilja. „Í aðdraganda nýju, klínísku rannsóknarinnar höfum við gert rannsóknir á extraktinu og greint öll lífvirku efnin og prófað þau á þvagblöðrumódeli.

Þannig höfum við fundið nokkur efni sem hafa þá virkni að slaka á blöðruvöðvunum, en við það verður meira rúm fyrir þvag í blöðrunni. Fólk sem er með ofvirka blöðru er ekki með neitt minni blöðru en aðrir, hún er bara viðkvæmari og fólki liður eins og því sé mál þó að blaðran sé ekki

full. Þannig að SagaPro minnkar ekki magnið sem fólk pissar, heldur getur það gert það sjaldnar og þá meira í einu. Fólk spyr okkur oft „hvert fer þessið eiginlega?““ segir Lilja kímín.

„Eitt af þeim efnum sem við fundum er mjög óalgengt og bara í fáeinum plöntum og því hafði okkur yfirsést það í mörg ár,“ útskýrir Lilja. „En það hefur slakandi áhrif á blöðruvöðvana og nú erum við búin að sækja um einkaleyfi á að nota það fyrir ofvirka blöðru. Það styrkir okkar stöðu til muna fyrir útrás á SagaPro, en við stefnum á stórfelldan útflutning á ætíhvönn í formi fæðubótarefnis fyrir ofvirka blöðru.“

Auðvelt er að skrá sig í SagaPro áskrift á keynatura.com/askrift-2/ eða með því að hringja í síma 562 8872.



SagaPro er alislensk vara og búin til úr íslenskri ætíhvönn sem er handtínd í Hrísey. SagaPro er stærsta varan í KeyNatura vörulínunni og fæst í öllum apótekum og flestum matvælaverslunum. Gott er að geyma vöruna á sýnilegum stað svo ekki gleymist að taka skammtinn sinn.

Útfarapjónustur

KYNNINGARBLAÐ

MIÐVIKUDAGUR 6. október 2021

Kynningar: Granítsteinar, Útfararstofa Kirkjugarðanna



„Starfsfólk Granitsteina er með áralanga reynslu af vinnslu og uppsetningu legsteina,“ segir Sigurður Hjalti Magnússon, framkvæmdastjóri Granitsteina.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Fallegir legsteinar sem henta íslenskum aðstæðum mjög vel

Granítsteinar sérhæfa sig í legsteinum og bjóða í dag upp á eitt mesta úrval landsins af legsteinum. Starfsfólk fyrirtækisins veitir alhliða ráðgjöf þegar kemur að vali á steinum og fylgihlutum.

Fyrirtækið Granítsteinar var stofnað 2008 og hefur frá upphafi sérhæft sig í bæði legsteinum og borðplötum. Undanfarin ár hefur fyrirtækið vaxið jafnt og þétt og býður í dag upp á eitt mesta úrval landsins af legsteinum, að sögn Sigurðar Hjalta Magnússonar, framkvæmdastjóra Granítsteina. „Starfsfólk Granítsteina er með áralanga reynslu af vinnslu og uppsetningu legsteina. Við bjóðum upp á fjölbreytt úrval legsteina í nokkrum litum, stóra og smáa og sérsmíðum einnig steina samkvæmt óskum viðskiptavina okkar.“

Aðspurður hvort tiskusveiflur hafi áhrif á val fólks á legsteinum segir Sigurður að bransinn vinni meira með klassíkina. „Flestir vilja svart granit sem er að sjálfsögðu

afar endingargott og hentar mjög vel við íslenskar aðstæður. Við höfum þó fundið það síðustu árin að fólk er orðið óhræddara við að velja litríkari steina og óhefðbundin form sem er að mínu mati jákvæð þróun.“

Einfalt ferli

Ferlið við að velja stein er afar einfalt og þægilegt, segir Sigurður. „Annað hvort koma viðskiptavinir til okkar eða senda okkur fyrirspurn í tölvupósti. Við ráðleggjum þeim varðandi val á steinum, til dæmis tegund af steini og stærð sem hentar hverjum og einum. Því næst gerum við próförk af steininum þar sem áletrunin og aukahlutir eru á sínum stað sem auðveldar fólki að sjá fyrir sér lokaútkomuna.“ Granítsteinar

bjóða einnig upp á blómaramma í sömu litum og legsteinarnir. Þeir koma í þremur lengdum; 60 cm, 80 cm og 120 cm.

Að ýmsu þarf að huga við val á steinum, að sögn Sigurðar. „Það gilda til dæmis mismunandi reglur milli duftgrafreita varðandi stærðir legsteina og jafnvel ólíkar reglur eftir slíkum grafreitum. Því er mikilvægt láta starfsfólk Granítsteina hafa samband snemma í ferlinu við umsjónarmann viðkomandi duftgrafreits sem veitir tilsögn í slíkum málum.“

Fjölbreytt úrval fylgihluta

Þegar búið er að velja sjálfan steininn er komið að því að huga að áletruninni. „Granítsteinar bjóða upp á ýmsar lausnir þegar kemur að áletrunum á legsteina. Þar má meðal annars nefna ígrafnar áletranir, upphleyptar áletranir og koparstafi. Samhliða áletrun huga margir að ígröfnum myndum en þar bjóðum við líka upp á gott úrval af myndum sem henta hverjum og einu. Starfsfólk okkar aðstoðar fólk við að útbúa myndir ef þess er óskað.“

Einnig má nefna að Granítsteinar bjóða upp á fjölbreytt úrval fylgihluta í samstarfi við Biondan, sem er leiðandi fyrirtæki í framleiðslu aukahluta sem standast krefjandi íslenskt veðurfar. „Það má skoða úrvalið í verslun okkar í Helluhrauni 2 í Hafnarfirði en auk þess má sérpanta aukahluti frá Biondan.“

Æskilegt er að minnsta kosti eitt ár hafi liðið frá greftrun þar til steinn er settur upp, til að koma í veg fyrir að steinninn verði skakkur. „Þegar kemur að uppsetningu legsteinsins bjóðum við upp á uppsetningu hans í nágrenni höfuðborgarsvæðisins gegn vægu aksturgjaldi. Auk þess sendum við legsteina út á land viðskiptavinum að kostnaðarlausu.“

Styttist í jólin

Nú þegar haustið er komið segir Sigurður tilvalið að huga að leiðum ástvina fyrir jólahátíðirnar. „Tíminn getur verið fljótur að liða í annríki dagsins og því gott að vera tímanlega í þeim framkvæmdum. Í því sambandi má nefna að Granítsteinar þjónusta allar tegundir legsteina, hvort sem um er að ræða endurmálun á áletrun, þríf eða að bæta við áletrun á legsteininn. Ef komið er með steina til okkar sjáum við einnig um að áletra slíka steina.“ ■

Granítsteinar eru í Helluhrauni 2 í Hafnarfirði. Sími 544 5100. Nánari upplýsingar á granitsteinar.is.



„Starfsfólk Granítsteina er með áralanga reynslu af vinnslu og uppsetningu legsteina. Við bjóðum upp á fjölbreytt úrval legsteina í nokkrum litum, stóra og smáa og sérsmíðum einnig steina samkvæmt óskum viðskiptavina okkar,“ segir Sigurður Hjalti Magnússon, framkvæmdastjóri Granítsteina.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ANTON BRINK



Granítsteinar selja mjög gott úrval legsteina og úrval fylgihluta. Dökkt granítið er alltaf vinsælt en síðustu ár hefur fólk orðið óhræddara við að velja aðra litríkari steina og óhefðbundin form.

Hlusta á þarfir aðstandenda á kveðjustund

Á Útfararstofu Kirkjugarðanna starfar fólk af mikilli fagmennsku með fjölbreytta menntun og áratuga reynslu af útfararþjónustu. Útfararstofan hefur starfað í yfir 70 ár og þjónustar fólk allan sólarhringinn alls staðar að af landinu og óháð trúarbrögðum.

Þegar andlát náins aðstandanda verður aðstoðar Útfararstofa kirkjugarðanna fólk við allan undirbúning útfararinnar. Starfsfólk útfararstofunnar sér um alla þjónustu vegna andlátsins, allt frá líkflutningi til hinstu hvílu.

„Við aðstoðum í raun og veru við allt sem við kemur útförinni, eins og að bóka prest, kirkju, tónlistarfólk og blóm. Við aðstoðum fjölskylduna við að afla leyfa og veita upplýsingar um réttindi og fylgjum fjölskyldunni í gegnum allt ferlið, kistulagningu, jarðarför og upp í kirkjugarð,“ segir Guðný Hildur Kristinsdóttir, framkvæmdastjóri Útfararstofu kirkjugarðanna.

„Við bjóðum fólki að koma í viðtal til okkar í hlýlegu umhverfi í Vesturhlið 2 en við getum einnig komið í heimahús. Við sækjum þann látna ef andlát verður í heimahúsi og bjóðum aðstandendum upp á nærverustundir ef einhver hefur ekki haft tók á að koma að dánarbeðinu.“

Guðný segir að hjá Útfararstofu kirkjugarðanna sé alltaf einhver við simann allan sólarhringinn allt árið þar sem andlát geta borið að á öllum tímum.

„Við leggjum áherslu á að hlusta á óskir aðstandendanna og að þeir fái aðstoð við að gera útförina persónulega. Þegar aðstandendur koma í viðtal látum við þá hafa gátlista og við förum yfir þau atriði sem þarf að huga að, skref fyrir skref. Stundum hefur hinn látni komið fram með óskir um hvernig útförin á að vera áður en hann fellur frá. Aðrir hafa hins vegar aldrei rætt það við sína nánustu. Þá hlustum við á óskir aðstandenda og reynum að mæta þeim.“

Þjónusta óháð trúarbrögðum

Útfararstofa kirkjugarðanna leggur metnað í að þjónusta alla óháð trúarbrögðum. Hægt sé að fá allar kistur án krossa og hægt er að fá önnur tákn eða myndir á kisturnar eða duftkerin ef fólk vill.

Þó að útfararstofan sé með aðsetur í Fossvoginum í Reykjavík þjónustar hún allt landið. Til dæmis er veitt aðstoð við flutning á hinum látna verði andlátið á landsbyggðinni en útförin á höfuðborgarsvæðinu eða öfugt.

„Sömuleiðis veitum við aðstoð við flutning á kistu eða duftkeri milli landa ef andlát er erlendis og flytja þarf hinn látna heim eða ef viðkomandi deyr hérlandis en á að vera jarðsettur erlendis. Þá fá aðstandendur aðstoð við að afla allra leyfa til að flytja hinn látna,“ segir Guðný.

„Við erum í samstarfi við tryggingarfélag og útfararstofur erlendis og aðstoðum aðstandendur ef skyndilegt andlát verður hér á landi hjá til dæmis ferðamönnum. Það þarf að afla mikilla pappíra og gagna og við leiðum fólk í gegnum það ferli.“

Samtal um hinstu ósk

Útfararstofa kirkjugarðanna býður upp á samtal um hinstu ósk. Það er að segja óskir varðandi eigin útför.

„Það geta verið ýmsar ástæður fyrir að fólk vilji skrá sínar óskir. Sumir eru veikir og vita að þeir eru dauðvona, svo eru aðrir sem vilja bara ákveða þetta fyrir fram til að



Starfsfólk Útfararstofu Kirkjugarðanna leggur sig fram um að koma til móts við óskir aðstandenda á kveðjustund.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Í Vesturhlið 2 er sýningarherbergi með kistum, duftkerjum, leiðismerkingum, rúmfötum og líkkælum.

MYND/ADSEND

gera aðstandendum sínum auðveldara að skipuleggja útförina,“ útskýrir Guðný.

„Við látum fólk fá bækling og bjóðum fólki að fara yfir hann í sameiningu en sumir vilja taka hann með heim og fylla inn þar. Óskirnar eru varðveittar hjá útfararstofunni sem kynnir þær fyrir aðstandendum þegar að andláti kemur.“

Öll þjónusta á einum stað

Útfararstofa kirkjugarðanna er til húsa í Vesturhlið 2 þar sem má finna sýningarherbergi með kistum, duftkerjum, leiðismerk-

ingum, rúmfötum og líkkælum. Duftkerin og kisturnar sem útfararstofan býður upp á eru vistvænar. Á vefsíðu útfararstofunnar, utfor.is, er vefverslun þar sem hægt er að kaupa til dæmis krossa, kistur og duftker beint.

„Vefversluninni er ætlað að auka þjónustuna við þá sem búa til dæmis úti á landi. Þar er hægt til dæmis panta krossa sem við sendum hvert á land sem er eða förum með í kirkjugarðana á höfuðborgarsvæðinu,“ segir Guðný.

„Við erum með íslenskar og erlendar kistur og duftker. Við



Guðný Hildur, framkvæmdastjóri Útfararstofu Kirkjugarðanna, segir markmið útfararstofunnar að benda aðstandendum á leiðir sem henta þeim.

erum með svartar kistur, hvítar kistur og rauðar kistur, ýmiss konar viðarkistur og fjölbreytta liti af duftkerjum. Við viljum bjóða upp á eitthvað fyrir alla. Ef hinn látni hélt til dæmis mikið upp á grænan lit þá geta ættingjarnir valið græn duftker eða græna kistu, ef einhver var hrifinn af fuglum þá reynum við að koma til móts við það. Við förum eftir því hvað fjölskyldan vill og hlustum á þarfir hennar, en bjóðum ekki upp á fyrir fram gefnar leiðir,“ útskýrir Guðný.

„Í rauninni er kista það eina sem verður að hafa og ef það er bálför

þá er nauðsynlegt að hafa duftker líka. Allt annað er valfrjálst. Það er engin skylda að hafa athöfn, prest eða kirkju. En langflestir óska þess þó að hafa hefðbundna kveðjustund. Markmiðið með okkar þjónustu er ekki að segja aðstandendum hvað þeir eiga að gera. Við bendum þeim á leiðir og aðstoðum þá við að finna leiðir sem henta þeim og samræmast óskum þess látna.“ ■

Nánari upplýsingar á utfor.is eða hjá Útfararstofu Kirkjugarðanna Vesturhlið 2, sími 551 1266

Merking moldar, kross, blóma og blæju við útför

Tákn í útförum hafa djúpstæða merkingu.

thordisg@frettabladid.is

Mold kemur við sögu í útförum. Þegar prestur kastar rekunum, tekur hann litla skóflu, fyllir hana af mold og lætur þrisvar renna úr skóflunni á kistuna með orðunum: „Af jörðu ertu kominn – að jörðu skaltu aftur verða – af jörðu skaltu aftur upp rísa,“ eða „Sáð í dauðlegu, en upp rís ódauðlegt. Sáð er í veikleika, en upp rís í styrkleika. Sáð er í jarðneskum líkama, en upp rís andlegur líkami.“

Þetta heitir moldun og tákna-
líf – dauði – líf. Þessum orðum er
líka ætlað að minna á fyrrirheit sem
okkur voru gefin við skírninga: að
Guð er með okkur í lífsins amstri, í
dauðanum og í hinu eilífa lífi.

Þetta merkir einnig að við erum
fædd jarðneskar manneskjur. Við
erum sköpuð af Guði, eins og öll



jarðnesk sköpun. Það fylgir okkur sem börnum jarðar að snúa aftur til moldarinnar. Við erum hluti af hinni líffræðilegu keðju lífsins.

Samkvæmt kristnum mann-
skilningi erum við hins vegar meira
en mold. Við erum líka andlegar
verur, því að við erum sköpuð í
Guðs mynd. Trúin á upprisú Jesú
Kristis frá dauðum gefur okkur von
um að slík upprisa sé okkur einnig
búin. Við vitum ekki með hvaða

hætti það gerist eða hvenær. En á sama hátt og Jesús lagði líf sitt og dauða í hönd Guðs þá getum við jafnframt gert það.

Kross

Krossmarkið er sameiginlegt tákn allra kirkjuathafna. Tákn krossins er líka hluti af blessuninni sem lýst er í hverri guðsþjónustu:

„Drottinn blessi þig og varð-
veiti þig. Drottinn láti sína ásjónu

lýsa yfir þig og sé þér náðugur,“ og „Drottinn upplyfti sínu augliti yfir þig og gefi þér frið.“

Krossinn er sterkasta tákn kristinnar trúar. Flestum er kunnugt um að krossinn var í upphafi pyntingartæki. En eftir upprisu Jesú Krists frá dauðuð varð krossinn að sigurtákni kristinnar trúar, tákn um að lífið og kærleikurinn sigri dauða og myrkur.

Blóm

Blóm eru tákni um líf og frjósemi, en þau minna líka á forgengileikann. Þau vaxa, blómstra og deyja, eins og mannfólk. Blóm geta líka verið tákni um áhyggjuleysi og það að lífa fyrir líðandi stund – í núnu. Jesús segir að við eigum að líta til lílja vallarins því þær hafi ekki áhyggjur en blómstri eigi að síður.

Þegar við gefum öðrum blóm
tjáum við umhyggju og segjum
með því að við séum hluti af lífi
viðkomandi. Við jarðarfarir eru

blóm í mikilvægu hlutverki. Það eru árstíðabundin blóm eða uppáhaldsblóm hins látna. Síðan er farið með kransa og blóm að gröfnni. Ef um bálfor er að ræða geta aðstandendur lagt blóm og kransa á legstaði annarra ættingja eða staði þar sem hægt er að leggja blóm og kransa.

Líkklátur/andlitsblæja

Líklbæjan yfir andliti hins látna minnir á klútinn sem var notaður til að þerra vatn af höfði hans við skírnina. Áður fyrr var þessi klútur varðveittur sem gersemi væri. Á fermingardegi var hann notaður sem jakkavasaklútur drengja og í sálmaðókum stúlkna. Í skírninni er einstaklingurinn með bæn og blessun helgaður Jesú Krísti sem elskar manninn að fyrra bragði og heldur honum í faðmi sínum. Andlitsbæjan minnir á kærleika Guðs sem fylgir okkur í gegnum lífið og inn í eilífiðina.

Heimild: utforikirkju.is ■



FRÍMANN & HÁLFDÁN

ÚTFARARÞJÓNUSTA



Frímann
897 2468



Hálf dán
898 5765



Kristín
699 0512



Ólöf
898 3075

Stapahrauni 5, Hafnarfirði | 565 9775
www.uth.is | uth@uth.is



Fagmennska Virðing Umhyggja

Önnumst alla þætti útfarar af fagmennsku,
með virðingu og umhyggju að leiðarljósi



BÓRG | ÚTFARARÞJÓNUSTA

borg@borgutfor.is • borgutfor.is

Umsjón útfara



Gréta Björgvinsdóttir
s: 770 0188



Guðný Bjarnadóttir
s: 869 7522

Kemur ró á ristilinn

Hrafnhildur hefur starfað sem einkaþjálfari hjá World Class í um 17 ár. Hún þjáðist af ristilvandamálum og bakflæði í áratugi vegna meðgönguógleði, sem orsakaði sjö mánaða uppköst.

Fyrir þremur árum fór Hrafnhildur Hákonardóttir í ristilsþeglu vegna óþæginda í ristli og meltingarvandamála. „Ristillinn hafði verið til trafala í 25 ár frá því ég var ólétt. Á meðgöngunni ældi ég daglega í um sjö mánuði. Eins eðlilegur hlutur og ólétt er fyrir kvenlíkamann eru sjö mánuðir af uppköstum ekkert grín fyrir líkamsstarfsemina. Ég hlaut af þessu varanlegar skemmdir á vélinda sem orsaka bakflæði. Einnig hafði þetta slæm áhrif á ristilinn, sem hafði þau áhrif að ég fór að finna fyrir verkjum í baki og líkamanum öllum. Ég hafði lengi tekið inn ýmis magalyf og alltaf þurft að passa hvað ég borðaði af hveiti- og mjólkurvörum, en það tók mig nokkur ár að átta mig á að þessar matartegundir færu illa í mig. Mér var ráðlagt að taka inn magnesíum til þess að koma jafnvægi á meltinguna og róa ristilinn. Ég prufaði nokkrar tegundir en þær hentuðu mér ekki. Til allrar hamingju var mér bent á magnesíum með fjallagrösum frá ICEHERBS, en fjallagrös eru mjög mýkjandi. Nú hef ég tekið magnesíumblönduna í þrjú ár og aldrei liðið betur. Ég er komin með sléttan maga og meltingin er komin í hið stakasta lag. Með því að taka reglulega inn magnesíum með fjallagrösum get ég jafnvel leyft mér að svindla, því ég veit fátt betra en að geta fengið mér pasta og hvítlauksbrauð á góðum degi. Við bakflæðinu tek ég hóstamixtúru með fjallagrösum frá ICE-



Magnesíum með fjallagrösum frá ICEHERBS hefur hjálpað Hrafnhildi Hákonardóttur mikið. **FRÉTTABLAÐID/SIGTRYGGUR ARI**

HERBS. Mixtúran er bragðgóð og mjúk í hálsi og hjálpar mér að sofa eins og engill,” segir Hrafnhildur.

Einstök blanda
Magnesíumskortur er eitt stærsta lyðheilsuvandamál sem við glímum við í nútímanum. Magnesíum er eitt mikilvægasta steinefni í líkamanum og kemur við sögu í yfir 300 efnaskiptum, allt frá slökun vöðva- og taugakerfisins, virkni hjarta- og æðakerfisins og í upptöku steinefna. Magnesíum blandan frá ICEHERBS er einstök á heimsvísu og inniheldur magnesíum citrate og handtínd, íslensk fjallagrös. Fjallagrösin og magnesíumið virkar saman á einstakan hátt. Fjallagrösin mýkja melting-

una og magnesíum eykur upptöku á steinefnum úr fjallagrösunum. Magnesíum citrate er eitt fárra bætiefna sem er gott að taka inn að staðaldri, en það er mjög erfitt að fá nægt magnesíum úr fæðunni. Þá er mælt með að þeir sem stunda líkamsrækt taki magnesíum reglulega.

Áhrif magnesíums
Magnesíum stuðlar að eðlilegri vöðvastarfsemi og er talið bæta gæði svefns og draga úr fótapirringi og sínadrætti. Þá stuðlar magnesíum að því að draga úr þreytu og lúða. Magnesíum er einnig notað í meðhöndlun meltingarvandamála. Það eykur vatnsinntöku í meltingar-



kerfið sem auðveldar líkamanum að melta og losa hægðir. Þá er magnesíum einnig hreinsandi og hefur góð áhrif á ristilinn. Það stuðlar líka að eðlilegri starfsemi taugakerfisins.

Leyndarmál frá náttúrunni
Fjallagrösin hafa öldum saman verið notuð sem náttúruleg heilsujurt á Íslandi. Þau eru rík af steinefnum og stuðla að heilbrigðri þarmaflöru. Þá eru fjallagrös vatnslosandi og minnka bjúg. Fjallagrös innihalda einnig trefjar sem mynda mýkjandi himnu á slímhúð í maga sem bætir og mýkir meltinguna.

Hrein náttúruafurð
Markmið ICEHERBS er að nýta

náttúruauðlindir sem tengjast íslenskri hefð og sögu og vinna í hreina neytendavæna vöru fyrir viðskiptavinum. „Við hjá ICEHERBS leggjum áherslu á að framleiða hrein og náttúruleg bætiefni sem byggja á sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda. Við viljum að vörurnar okkar nýtist viðskiptavinum okkar, að virkni skili sér í réttum blöndum og að eiginleikar efnanna viðhaldi sér að fullu. Þá notum við enn fremur engin óþörf fylliefni.“ ■

ICEHERBS fæst í öllum betri matvöruverslunum, apótekum og heilsuvöruverslunum og í nýrri vefverslun á www.iceherbs.is.

Hefur alla tíð verið mikil keppnismanneskja

Sumarið hefur verið viðburðaríkt hjá Öglu Maríu Albertsdóttur, besta leikmanni Pepsí Max-deildar kvenna í fótbolta. Í kvöld tekur lið hennar Breiðablik á móti stórlíði PSG í Meistaradeild Evrópu á Kópavogsvelli.

starri@frettabladid.is

Agla María Albertsdóttir, leikmaður Breiðabliks, var nýlega valin leikmaður ársins í Pepsí Max-deild kvenna í fótbolta. Lið Breiðabliks endaði í öðru sæti deildarinnar og varð bikarmeistari síðasta föstudag þegar þær sigruðu lið Þróttar 4-0. Í dag, miðvikudag, leikur svo liðið fyrsta leik sinn af sex í Meistaradeild Evrópu þegar liðið mætir PSG á Kópavogsvelli en riðillinn er hluti af sextán liða úrslitum keppinnar. „Það er ekkert skemmtilegra en að mæta þeim bestu og verður því ótrúlega skemmtilegt að mæta PSG. Við þekkjum líka aðeins til þeirra þar sem við spiluðum við þær árið 2019 og vitum að þetta verður hörku leikur. Ég á því von á mjög skemmtilegum leik og hvet alla til þess að mæta á völinn, hvetja þær sem við spiluðum við þær árið 2019 og vitum að þetta verður hörku leikur. Ég á því von á mjög skemmtilegum leik og hvet alla til þess að mæta á völinn, hvetja þær sem við spiluðum við þær árið 2019 og vitum að þetta verður hörku leikur.“

Stolt af liðinu
Árangur Breiðabliks hefur verið góður í ár að hennar mati. „Auðvitað er það alltaf markmið í upphafi hvers sumars að taka Íslandsmeistaratilinn en ég er stolt af liðinu fyrir að hafa klárað mótið með stæl og tryggt okkur annað sætið og því meistaradeildarsæti. Árangurinn er sérstaklega góður



Agla María Albertsdóttir með bikarinn góða eftir sigur á Þrótti í úrslitaleiknum síðasta föstudag. Með henni er móðir hennar, Elín Þórðardóttir, sem er helsta fyrirmynd hennar. **MYND/ADSEND**

þegar liðið er til þess að við mættum til leiks í sumar með gjörbreytt lið frá því í fyrra en höfum eftir því sem liðið hefur á sumarið náð að byggja upp mjög gott lið. Það er því frábær árangur að verða Mjólkurbikarmeistarar og ná þessum sögulega árangri í Meistaradeildinni.“ Utan þess að vera leikmaður Breiðabliks og íslenska landsliðsins útskrifaðist Agla María með B.Sc. í viðskiptafræði frá Háskólanum í Reykjavík í vor og stundar nú meistaranám í fjármálum fyrir tækja við Háskóla Íslands.

Setti markið snemma hátt
Agla María lék alla 18 leiki liðsins í deildinni og sömuleiðis allar þær mínútur sem leiknar voru. Í þessum 18 leikjum skoraði hún 12 mörk. „Ég byrjaði að æfa fótbolta með Breiðabliki í kringum sjö ára aldurinn. Ég hef alla tíð verið mjög mikil keppnismanneskja í því sem ég tek mér fyrir hendur og varð þetta því mjög fljótlega mikil alvara hjá mér í fótboltanum.“ Hún segist afar ánægð yfir því að hafa verið valin leikmaður ársins í Pepsí Max-deildinni í sumar. „Ég

er fyrst og fremst ótrúlega stolt af því að hafa verið valin best í sumar en það er ekki hægt nema að vera með góða liðsfélaga. Því finnst mér þessi viðurkenning um leið vera viðurkenning á spilamennsku okkar sem liðs í sumar.“ Agla María nefnir ýmsar ástæður fyrir velgengni sinni. „Ég tel að brennandi áhugi, metnaður, gott bakland og það að huga vel að líkamlegri og andlegri heilsu sé lykilatriði í þeim árangri sem ég hef náð.“

Mikil sókn í kvennaboltanum
Kvennafótboltinn hefur verið í mikilli sókn undanfarin ár og segir Agla María framtíðina sannarlega vera bjarta. „Það hefur verið gríðarlega mikil uppsveifla í kvennaknattsþyrnunni síðustu ár. Stærstu liðin hafa verið að bæta umgjörðina hjá sér og setja meiri pening í kvennaliðin sín. Þetta hefur orðið til þess að fleiri stelpur gerast atvinnumenn í fótbolta auk þess sem fyrirmyndirnar eru miklu sýnilegri en áður sem skiptir sköpum fyrir ungar fótboltastelpur. Á næstu árum vænti ég þess að áhuginn eigi eftir að aukast enn frekar og sé ég ekki fram á neitt annað en enn frekari uppgang kvennaknattsþyrnunnar næstu árin.“ **Hvernig kemur þú þér í girinn fyrir leik?** Ég hugsu um það hvað ég ætla að gera í leiknum áður en ég leggst á koddann kvöldið áður og hlusta á vel valin lög áður en ég mæti inn í klefann fyrir leik. **Hver er erfiðasti mótherjinn?** Á æfingum er það Karitas

Tómasdóttir, hún hættir aldrei. **Ertu morgunhani eða finnst þér gott að sofa út?** Er mitt á milli en nær því að vera morgunhani. **Hver er uppáhaldsæfingin og sú sem er í minnstu uppáhaldi?** Draumaæfing samanstandur af þriggja liða reit, skotæfingu og síðan enda æfinguna á brassa. Hlaup án bolta eru í minnstu uppáhaldi. **Hvað færðu þér oftast í morgunmat?** Ég fékk mér alltaf hafragraut en fæ mér núna oftast jógúrt, chia-graut eða annað sem er til. **Hvað finnst þér gott að fá þér í kvöldmat?** Pestó-kjúklingaréttur með sætum kartöflum og nóg af grænmeti eða grænmetislasanja eru í uppáhaldi. **Hvað finnst þér gott að fá þér í millimál?** Ég fæ mér oftast próteinstykki, hrökkbrauð eða ávexti í millimál. **Hvað gerir þú til að halda andlegu heilsunni í jafnvægi?** Mér finnst gott að geta einbeitt mér að öðrum hlutum en fótbolta, eins og skóla eða vinnu. Annars nærri ég mig helst andlega með því að eyða tíma með fjölskyldu og vinum. **Hverjar eru helstu fyrirmyndir þínar í boltanum og í lífinu?** Í lífinu almennt er mamma klárlega mín mesta fyrirmynd. Þegar ég var yngri leit ég mest upp til Cristiano Ronaldo frá Portúgal og Arons bróður míns í fótboltanum en seinna hef ég liðið mikið upp til Lieke Martens frá Hollandi og Le Sommer frá Frakklandi. ■

Smáauglýsingar

550 5055

Afgreiðsla smáauglýsinga og simi
er opin allan virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki



Nýr Hyundai Tucson Plug-in Hybrid Premium. Erum með flæði af þessum bílum. Næstu bílar til afhendingar í lok Október. Nokkrir litir í boði á afar hagstæðu verði. Kr. 6.690.000,-. Það borgar sig að borga inná ef þú ætlar að ná í einn af þeim!

Sparibill ehf
Hátún 6A, 105 Reykjavík
Sími: 577 3344
www.sparibill.is

Bílar óskast

VILTU LOSNA VIÐ
GAMLA BÍLINN ?
Kaupi bíla 25-250þús
Hringdu S. 615 1810 eða sendu
sms og við höfum samband

Þjónusta

Pípulagnir

PÍPULAGNIR

Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 699-6069 eða 663 5315

PÍPULAGNINGARÞJÓNUSTA

Viðgerðir, viðhald og nýlagnir.
Uppýsingar í síma 868-2055

Hreingerningar



Hreingerningar - Bónun -
Bónleysing Flutningsþríf - Þríf
eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is -
Stofnað 1969 Traustir og
vanir menn.

Bókhald

FRAMTALSADSTOÐ - BÓKHALDSPJÓNUSTA

Bjóðum einstaklingum framtals-
aðstoð og fyrirtækjum alhliða
bókhalds og uppgjörsþjónustu.

Góð þjónusta á sanngjörnu verði.

Uppl. í síma
8548080/5168080
retta.is
olafur@retta.is



Málarar

Getum bætt við okkur verkefnum
innan húss. Vönduð vinnubrögð
og góð umgengni. Tilboð eða
tímavinna. Lítið Mál ehf.
Sígurður 896-5758.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl.,
fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra
stór billi. Búslóðalyfta. Flutningabj.
Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is
flytja@flytja.is

Húsaviðhald

FLÍSALAGNIR - MÚRVERK
- FLOTUN - SANDSPARSL -
MÁLUN - TRÉVERK

Ásamt öllum almennu viðhaldi
fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar
fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

Nudd

NUDD NUDD NUDD
Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur.
Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR.
S. 663 0746.
Töfluskripti, myndsímar. Hagstæð
verð. Straumblik ehf. Löggiltur
Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Húsnæði

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464

Suma hluti er betra að geyma.
Geymslur fyrir dánarbúið, allt að
20% afsláttur. www.geymslur.is

WWW.GEYMSLAEITT.IS
Sérgeymslur á mjög góðum
verðum. Frá 2-17 m². S: 564-6500

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464

Geymslur af öllum stærðum. Allt að
20% afsláttur. www.geymslur.is

FRÉTTABLAÐIÐ 20

NÁÐU TIL
FJÖLDANS!

44%

18-80 ára lesa Fréttablaðið
daglega að meðaltali*

Sími: 550 5050
soludeild@frettabladid.is

Sérfræðingar í
ráðningum

Ánægðir viðskiptavinir
eru okkar besta auglýsing

Ráðningar

lind@fastradningar.is
mjoll@fastradningar.is

www.fastradningar.is

Stækkaðu heimilið með
svalalokun frá COVER

5 ÁRA
ÁBYRGÐ

COVER kerfið er vel þekkt um allan heim og á Íslandi hafa
verið settar upp mörg hundruð slíkar svalalokanir og
sólstofur á undanförmum árum.

FINNSK
GÆÐI
35

Aubbrekku 6 · Kópavogi · Sími 565 8899 · normx@normx.is

BÓLSTRUN – SAUMASKAPUR

Uppgerðir Rokkókóstólar með
áklæði að eigin vali á góðu verði

FYRIR

EFTIR

Öll almenn bólstrun - úrval vandaðra áklæða og leður.
Tökum allskonar saumaskap ,t.d. dýnur í hjólhýsi, húsbíla ofl.

Sérhæfum okkur í bílsætaviðgerðum, mótörhjólum,
snósleðasætum, límum og gerum við tréverk á húsgögnum.

Formbólstrun

Hamraborg 5 Kóp, Hamrabrekkumegin | S. 544 5750 | www.hsbolstrun.is

Þvottavélar
og þurrkarar
fyrir stærri
notendur

Síðan 1922 - glæsileg hönnun og sérstaklega
hljóðlátar - alvöru vélar með snertiskjá.
Hafðu samband og fáðu nánari upplýsingar

Þvottahús ● Hótel ● Gistiheimili ● SPA
● Hreingerningaraþjónusta ● Snýrtistofur
● Hjúkrunar- og dvalarheimili ● Rannsóknarstofur
● Leikskólar ● Clinics ● Fjölbýlishús ● Hostels ●
Skólar ● Minni iðnaðar fyrirtæki ● Líkamsræktarstöðvar

Allt hjá okkur

VERSLUNARTÆKNI
www.verslun.is

geiri

STORLEIK

Draghálslí 4
110 Reykjavík
sími: 535 1300
verslun@verslun.is

Menningarlæsi leiðsögumanna



Friðrik Rafnsson
formaður
Leiðsagnar,
stéttarfélags
leiðsögumanna

Flestir Íslendingar hafa skiljanlega sjaldan eða aldrei notið þjónustu íslenskra leiðsögumanna, en hafa væntanlega séð þeim bregða fyrir klædda skrautlegum útivistarfatnaði malandi með hóp túrista á eftir sér á helstu ferðamannastöðum, haldandi á hljóðnema í rútu sem troðfull er af ferðamönnum eða leiðandi hópa fólks um þéttbýli jafnt sem fjöll og firnindi.

Hvernig sem því er háttað er þarna á ferðinni framlínufólkið í ferðaþjónustunni því faglærðir leiðsögumenn, sem eru aukin-heldur að stærstum hluta háskóla-menntaðir, eru það fólk sem sér um að framkvæma skipulagðar ferðir og ber einna mesta ábyrgð á því að stór hluti ferðamanna sem hingað koma njóti þess að ferðast um landið öruggir og snúi aftur ánægðir og margs visari um land og þjóð.

Augu og eyru

Vissulega felst starf okkar leiðsögumanna í að miðla þekkingu á landi okkar, náttúru, sögu og menningu. Halda athygli farþeganna klukkutímum, stundum dögum saman, fræða þá og skemmta þeim enda eru þeir hingað komnir til að njóta lífsins. Þess vegna þarf göður leiðsögumaður að rækta í sér sagnamanninn, þá skemmtilegu íslensku hefð, kunna að segja frá. En hann þarf líka að kunna að „lesa salinn“ eins og leikarar kalla það, skynja væntingar farþeganna og laga sig að þeim. Leiðsögumaður sem fer til dæmis Gullhring með breskar unglingsstúlkur einn daginn og franska eldri borgara næsta dag matreiðir sama fróðleik augljóslega ekki á sama hátt ofan í svo ólíka hópa. Þess vegna eru eyrun ekki síður mikilvæg fyrir góðan leiðsögumann en munnurinn.

Menningarlæsi

Málið flækist enn þegar leiðsögumaður er með fólk af mörgum þjóðernum í sama hópnum. Yfirleitt er þá notast við það tungumál sem flestir sem hingað koma tala að einhverju marki, ensku, en sú kunnátt er stundum ekki burðug meðal allra farþega. Þá skiptir lipurð leiðsögumannsins í mannlegum samskiptum enn meira máli. Og það mætti jafnvel taka þetta enn lengra og segja að þá skipti menningarlæsi leiðsögumannsins höfuðmáli.

Menningarlæsi er flókið hugtak, en í stuttu máli gerir sá eða sú sem er læs á menningu og trúarbrögð annarra sér grein fyrir helstu siðum og venjum sem einkenna hana og virðir það í hvívetna. Annars getur viðkomandi lent í því að særa eða móðga viðkomandi sárlega. Menningarheimar Bandaríkjamanna, Indverja, Japana, Marokkóbúa og Frakka eru til dæmis gerólikir, borðsiðir og persónumörk mismunandi. Leiðsögumenn verða að kunna skil á þeim og þjóna þeim samkvæmt því og það er ekki alltaf auðvelt, einkum þegar hópar eru blandaðir. Aðferðin sem ég held að flestir leiðsögumenn beiti þegar þeir eru með farþega frá mjög ólíkum menningarheimum er því sú að feta vandaðan meðalveg í ferðunum og reyna að prjóna við fróðleikinn með einstaka farþegum þegar færi gefst og tryggja þannig að allir séu ánægðir.

Öryggi á hjara veraldar

Við heimafélkið kippum okkur ekk-

ert upp við það þótt veðrið breytist í sífellu, jörð skjálfi og eldfjöll gjósi. Mörgu ferðafólki sem hingað kemur bregður hins vegar verulega í brún við það eitt að aka í gegnum ógnvekjandi hraunbreiðu í misjöfnu veðri frá Keflavíkurvelli til Reykjavíkur og

spyr sig ráðvillt hvert það sé eiginlega komið. Er það virkilega komið þangað sem það vildi fara, í ævintýraferð á eldfjalla- og jöklaeyju á hjara veraldar þar sem náttúruöflin eru ógnvekjandi? Þá sem endranær eru faglærðir og vel þjálfaðir leið-

sögumenn lykilmálsmenn í ferðaþjónustunni. Þeir eru brúarsmiðir milli menningarheima, trygging fyrir því að erlendu gestirnir okkar njóti Íslandsferðarinnar í botn, átti sig á því að þótt landið geti verið ógnvekjandi sé það líka fallegt, heillandi

og spennandi. Mesta umbun leiðsögumannsins felst því í að hjálpa fólki að höndla þessar gríðarlegu andstæður, njóta þeirra og kveðja það loks örliðið ráðvillt en glatt og stolt yfir að hafa öðlast nýja og óviðjafnanlega lífsreynslu. ■

ÁSKORUN BARNNAHEILLA

VIÐ GERÐ STJÓRNARSÁTTMÁLA NÝRRAR RÍKISSTJÓRNAR

Barnaheill – Save the Children á Íslandi skora á þá stjórnmalaflokka sem nú eiga samtal um myndun nýrrar ríkisstjórnar Íslands, að hafa hagsmuni allra barna og ungmenna að leiðarljósi og kveða skýrt á um leiðir til að tryggja réttindi þeirra og þátttöku í ákvörðunum sem þau varðar í nýjum stjórnarsáttmála.



Barnaheill

Merkisatburðir

- 1521** Hannes Eggertsson er skipaður hirðstjóri á Íslandi.
- 1863** Stofnað er félag til að byggja sjúkrahús í Reykjavík. Konur söfnuðu fyrir sjúkrahúsinu, sem tók til starfa við Aðalstræti árið 1866.
- 1895** Vigt er samkomuhús Hjalpræðishersins í Reykjavík, sem þar með hóf að starfa á Íslandi.
- 1919** Alþingi setur lög um að **hæstiréttur verði stofnaður á Íslandi**.



- 1961** Minnst er hálfur aldar afmælis Háskóla Íslands og er Háskólabíó vigt við það tækifæri. Bíótjaldið taldi heila 200 fermetra sem var þá það stærsta í Evrópu.
- 1973** Jom kippúr-stríðið hefst með árás Egypta og Sýr-lendinga á Ísrael.
- 1980** Jarðstöðin Skyggir tekin í notkun og komið á gervihnattasambandi við útlönd.
- 1981** Anwar Sadat, forseti Egyptalands, er myrtur.
- 2000** Síðasti Mini-bíllinn framleiddur í Longbridge á Englandi.
- 2002** Jóhannes Páll 2. páfi lýsir stofnanda Opus Dei, Josemaria Escrivá de Balaguer, dýrling kaþólsku kirkjunnar.
- 2004** Þriðja lestarslysið á Íslandi verður er farþegalest og vöruflutningalest skella saman við Kárahnjúka-virkjun.
- 2007** Bandaríski líffræðingurinn Craig Venter tilkynnir að tekist hafi að búa til litning á tilraunastofu.
- 2008** Geir Haarde, þáverandi forsætisráðherra Íslands, flytur sjónvarpsávarp og endar það á setningunni: Guð blessi Ísland.



Ingólfur G. Pétursson er hvorki lúinn né leiður eftir 50 ára starf hjá Orkuveitunni enda heldur hann öllum gangandi á þeim bænum með besta kaffinu í húsinu sem rennur með vinnuflokkunum víða um borgina.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Ingólfskaffi heldur Orkuveitunni gangandi

Ingólfur G. Pétursson fagnar 50 ára starfsafmæli sínu hjá Orkuveitu Reykjavíkur í dag þegar samstarfsfólk hans uppfyllir ósk hans um brauðterturt og skúffuköku. Kaffið mun heldur ekki skorta þar sem Ingólfur sér um kaffistofu vinnuflokka sem var á sínum tíma nefnd Ingólfskaffi honum til heiðurs.

toti@frettabladid.is

„Hér er góður starfsandi og skemmtilegt fólk. Hér á ég góða félaga,“ segir Ingólfur G. Pétursson sem fagnar í dag hálfur aldar starfsafmæli hjá Orkuveitu Reykjavíkur og fyrirrennrum þar sem hann hefur alið alla sína starfsævi.

„Nei, aldrei,“ svarar hann þegar spurt er hvort hann hafi aldrei orðið þreyttur eða leiður á vinnunni hjá OR síðustu 50 ár. „Ég hef í gegnum tíðina verið í margvíslegum störfum en byrjaði hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur sem verkamaður og vann við það lengi.“

Ingólfur hefur í seinni tíð séð um kaffistofu útivinnuflokka Veitna og hefur staðið þá vakt með slíkum sóma að kaffistofan er nefnd Ingólfskaffi. „Sumir segja að þar sé að fá besta kaffi

”

En ef kaffið sjálft myndi klárast þannig að ég gæti ekki hellt upp á þá yrðu margir sárir. Ég myndi gefa þeim kakó eða vatn í staðinn.

í húsinu,“ segir Ingólfur og bætir við að tilfinningin hafi verið góð þegar kaffistofan var nefnd eftir honum. „Ég var mjög hissa og ánægður þegar það var ákveðið.“

Hressandi kaffi

Ingólfur segir aðspurður að það sé alltaf líf og fjör á kaffistofunni. „Já, já, það er skemmtilegast á morgnana og í hádeginu því þá koma margir inn, fá sér kaffi eftir matinn og spjalla saman. Svo er líka oft líf og fjör í lok vinnudags þegar vinnuflokkarnir koma inn og fá sér tíu dropa eftir daginn.“

Ingólfur er ekki frá því að kaffi-drykkjan hafi heldur aukist hjá OR í hans tíð. „Já, mér finnst það. Stundum hef ég ekki undan við að laga kaffi. Það þarf mikið kaffi ofan í allt þetta fólk og vinnuflokkarnir taka líka með sér kaffi í brúsa þegar þeir fara út. Ég hef aldrei tekið saman hversu mikið kaffi fer yfir daginn en það eru nokkuð margir litrar.“

En hefurðu einhvern tímann lent í því að kaffið hafi klárast og verður ekki allt brjáláð ef það gerist?

„Stundum kemur það fyrir að könnurnar tæmast en þá er ég fljótur að hella upp á aftur. En ef kaffið sjálft myndi klárast þannig að ég gæti ekki hellt upp á þá yrðu margir sárir. Ég myndi gefa þeim kakó eða vatn í staðinn.“

Heljarinnar veisla

Ingólfur og samstarfsfólk hans ætla að gera honum hressilegan dagamun á stóru tímamótunum í dag og slá upp heljarinnar veislu sem verður eftir höfði kaffimeistarans sjálfs.

„Það verður haldin heljarinnar veisla hér hjá OR og öllu starfsfólki er boðið,“ segir Ingólfur. „Ég fékk að ráða hvað er á boðstólum og valdi brauðterturt, heitan brauðrétt og skúffuköku, eða allt sem mér finnst gott.“ ■

Þetta gerðist: 6. október 1979

Páfinn í Hvíta húsinu

Árið 1979 varð Jóhannes Páll páfi II fyrstur páfa til að stiga fæti inn í Hvíta húsið í Washington. Fundur hins 39. forseta og 264. rómverska páfa vakti nokkra athygli en í tvö hundruð ára sögu Bandaríkjanna höfðu fáir stjórnmálamenn viljað láta bendla sig við kaþólsku kirkjuna opinberlega.

Um fjórutíu þúsund manns komu saman til að berja páfann augum þegar hann hélt messu fyrir um þúsund presta við dómkirkju St. Matthews áður en hann hélt til Hvíta hússins þar sem hann dvaldi síðasta daginn af ferðalagi sínu um sex bandarískar borgir.

Jimmy Carter forseti ávarpaði páfann á móðurmáli hans, pólsku. Þá biðluðu þeir til heimsins um kjarnorkuafvopnun og aukna hjálptilpróunarlanda. Athöfnin fór friðsamlega fram en hálfum tíma fyrir heimsókn páfa var maður handtekinn sem hafði í fórum sínum þrjár byssur og hníf.

Páfinn hitti Carter forseta á ný ári síðar og það ár bauð hann Elísabetu Englandsdrottningu velkomna í Vatíkanið. Árið 1998 hafði Jóhannes Páll páfi annar heimsótt yfir hundrað lönd og farið hringinn í kringum hnöttinn 27 sinnum. Páfinn lést 2. apríl árið 2005. ■



Okkar ástkæri

Árne Valur Viggósson

Víðilundi 24, Akureyri

er látinn.

Útför hans fer fram frá Akureyrarkirkju

mánudaginn 11. október kl. 13.00.

Athöfninni verður streymt á Facebook-

síðunni Jarðarfarið í Akureyrarkirkju - Beinar útsendingar.

Vinsamlegast sendið ekki blóm eða kransa en styrkið

frekar Hollvínasamtök Sjúkrahússins á Akureyri.

Unnur Þorsteinsdóttir

Soffía, Friðjón, Zophonías, Axel, Arnhildur, Árne Valur, Jón Ómar, Hólmfríður, Helena, Erika, Auðunn og fjölskyldur.



Ástkær eiginmaður minn, faðir,

tengdafaðir, afi og langafi,

Ísleifur Halldórsson

læknir,

lést á Hrafnistu Ísafold 23. september.

Útför hefur farið fram í kyrrþey að ósk

hins látna. Þeim sem vilja minnast hans er

bent á Alzheimersamtökin. Fjölskyldan þakkar starfsfólki

Ásbýrgis á Hrafnistu Ísafold og öðrum auðsýndan hlýhug.

Kolbrún Þorfinnsdóttir

Kristín Ísleifsdóttir

Kolbrún Linda Ísleifsdóttir

Þorfinnur Ísleifsson

Halldór Heimir Ísleifsson

Gunnar Hafsteinn Ísleifsson

tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.

Til að birta andláts-, útfarar- eða þakkartilkynningar í Fréttablaðinu þarf að senda tölvupóst á timamot@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5055.

AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL

Bláskógabyggð, Flóahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur,
Hrunamannahreppur og Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Aðalskipulagsmál

Samkvæmt 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru kynntar tillögur aðalskipulagsbreytingar vegna eftirfarandi skipulagsáætlana:

- 1. Úthlíð 2 L167181; Úr frístundasvæði í verslunar- og þjónustusvæði; Aðalskipulagsbreyting**
Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 16. september 2021 að kynna tillögu að breytingu á aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015 – 2027. Í breytingunni felst að landnotkun lóða nr. 5, 7 og 9 við Vörðuás er breytt úr frístundabyggð í verslun- og þjónustu.
- 2. Skollagróf L166828; Efnistaka; Aðalskipulagsbreyting**
Sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkti á fundi sínum þann 5. október 2021 að kynna tillögu að breytingu á aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016 – 2032. Innan tillögu er gert ráð fyrir að skilgreint verði 2 ha efnistökusvæði með heimild til að vinna allt að 40.000 m3 af efni og haugsetja samsvarandi magn af jarðvegi.

Samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru auglýstar tillögur aðalskipulagsbreytinga eftirfarandi skipulagsáætlana:

- 3. Hraunhólar L166567; Íbúða- og frístundabyggð; Stækkun svæðis og fjölgun lóða; Aðalskipulagsbreyting.**
Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkti á fundi sínum þann 10. ágúst 2021 að auglýsa tillögu að breytingu á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017 – 2029. Í breytingunni felst að skilgreint er nýtt íbúðarsvæði sem verður um 12 ha fyrir 8 lóðir auk þess sem frístundasvæði F42 stækkar sem nemur um 3 ha með möguleika á 4 lóðum til viðbótar
- 4. Eyjarland L167649; Landbúnaðarland í iðnaðarlóð; Aðalskipulagsbreyting**
Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 1. september 2021 að auglýsa tillögu að breytingu á aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015 – 2027. Í breytingunni felst að notkun lóðarinnar er breytt úr landbúnaðarlandi í iðnaðarsvæði til samræmis við núverandi notkun lóðarinnar. Á lóðinni er starfrækt seiðaeldisstöð með framleiðslugetu fyrir um 20 tonn af seiðum.
- 5. Loftstaðir-Vestri lnr 165512; Ferðaþjónusta; Tjöld og þjónustuhús; Aðalskipulagsbreyting**
Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkti á fundi sínum þann 8. júní 2021 að auglýsa tillögu að breytingu á aðalskipulagi Flóahrepps 2017 – 2029. Í breytingunni fellst að skilgreint er verslunar- og þjónustusvæði innan jarðar Loftstaða-Vestri.

- 6. Sogsvirkjanir; H20 og H22; Breytt landnotkun; Aðalskipulagsbreyting**
Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 18. ágúst 2021 að auglýsa tillögu að breytingu á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps sem tekur til Sogsvirkjanna. Í aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2008-2020 falla stöðvarnar þrjár og háspennulína í tengslum við virkjanir undir landnotkun iðnaðarsvæðis. Í aðalskipulagsbreytingunni er reiknað með að svo verði áfram og þar verði einnig gerð grein fyrir opnum svæðum, stofnanasvæðum, íbúðasvæðum, golfvelli, hverfis-verndarsvæði og svæðum á náttúruminjaskrá. Í aðalskipulagsbreytingunni er almenn stefna og markmið varðandi Sogsvirkjanir og umhverfi þeirra óbreytt frá núverandi aðalskipulagi þar sem um er að ræða í meginatriðum nánari og nákvæmari útfærsla á því sem fyrir er á svæðunum.

Samkvæmt 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér kynntar tillögur eftirfarandi deiliskipulagsáætlana:

- 7. Lækjarholt 1 L231163 og 2 L231164; Deiliskipulag – 2106068**
Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkti á fundi sínum þann 7. september 2021 að kynna tillögu deiliskipulags í landi Lækjarholts 1 og 2 í Flóahreppi. Innan skipulagsins er gert ráð fyrir byggingarheimildum fyrir þremur íbúðarhúsum með bílskúr allt að 300 fm á 1-2 tveimur hæðum auk gestahúsa og skemma. Lækjarholt 1 er um 9 ha að stærð og Lækjarholt 2 um 2 ha. Samkvæmt deiliskipulaginu er gert ráð fyrir því að Lækjarholt 2 verði óbreytt en Lækjarholt 1 skiptist upp í 3 spildur á bilinu 2,19 - 3,60 ha að stærð.

Samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýstar tillögur eftirfarandi deiliskipulagsáætlana:

- 8. Torfastaðir 1 L170828; Breytt landnotkun; Frístundabyggð; Deiliskipulag – 2103061**
Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 15. september 2021 að auglýsa deiliskipulag sem tekur til frístundabyggðar í landi Torfastaða 1, L170828. Í deiliskipulaginu felst skilgreining frístundalóða á um 25 ha svæði innan jarðarinnar. Samhliða er unnið að breytingu á aðalskipulagi.
- 9. Skógsnes 2, L229833 og Lauftún, L230656; Deiliskipulag – 2106070**
Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkti á fundi sínum þann 7. september 2021 að auglýsa deiliskipulag sem tekur til lóða Skógsness 2 L229833 og Lauftúns L230656 í landi Skógsness. Deiliskipulagið gerir ráð fyrir að á hvorum stað risi íbúðarhús, gestahús, reiðhöll/ skemma og vélaskemma. Hvort land fyrir sig er um 60 ha.
- 10. Hamar land 2, 212450 ; Deiliskipulag – 2106069**
Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkti á fundi sínum þann 7. september 2021 að auglýsa deiliskipulag sem tekur til lands Hamars 2 L212450. Í deiliskipulaginu felst m.a. skilgreining á byggingarheimildum innan lands Hamars 2 þar sem gert er ráð fyrir núverandi aðstöðuhúsi, tveimur reið-/vélaskemmum allt að 800 fm, tveimur einbýlishúsum með bílskúr allt að 200 fm auk fjögurra gestahúsa allt að 50 fm. Heildarstærð landsins er um 110 ha

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Dalbraut 12, Laugarvatni á skrifstofutíma embættisins. Að auki er hægt að nálgast tillögur á vefslóðinni <http://www.utu.is>. Þá eru gögnin aðgengileg á heimasíðum sveitarfélaganna: <https://www.blaskogabyggd.is/>, <https://www.floahreppur.is/>, <https://www.fludir.is/>, <https://www.gogg.is/> og <https://www.skeidgnup.is/>

Mál nr. 1, 2 og 7 innan auglýsingar eru skipulagsmál í kynningu með athugasemdafresti til 29. október 2021. Önnur mál innan auglýsingar eru auglýst frá 6. október 2021 til og með 19. nóvember 2021, og skulu athugasemdir og ábendingar berast eigi síðar en 19. nóvember 2021.

Athugasemdum og ábendingum skal skila skriflega á skrifstofu UTU Dalbraut 12, Laugarvatni eða með tölvupósti á netfangið vigfus@utu.is

Vigfús Þór Hróbjartsson
Skipulagsfulltrúi UTU



Sveitarfélagið
ÁRBORG

Auglýsing um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Árborg

Samkvæmt 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér auglýst til kynningar eftirfarandi lýsing deiliskipulagstillögu.

Hólar, Svínabú – Lýsing deiliskipulags

Bæjarstjórn Árborgar samþykkti á fundi sínum þann 15. september 2021 að auglýsa til kynningar lýsingu að deiliskipulagi fyrir Hóla – Svínabú, Sveitarfélaginu Árborg. Lýsingin tekur til um 5 ha svæðis, norðan Gaulverjabæjarvegur, í landi Hóla, þar sem fyrirhugað er að vinna deiliskipulag fyrir svínaeldi. Gert er ráð fyrir um 600 gyltum og möguleika á stækkun húsakosts og aukinni framleiðslu á síðari stigum.

Ofangreind tillaga að lýsingu deiliskipulags liggur frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa að Austurvegi 67, Selfossi. Að auki er hægt að nálgast tillöguna á heimasíðu Sveitarfélagsins Árborgar á vefslóðinni www.arborg.is

Lýsingin er í kynningu frá 06.10.2021 til og með 20.10.2021 og skulu athugasemdir og ábendingar berast eigi síðar en **20.10.2021**.

Athugasemdum og ábendingum skal skila skriflega á skrifstofu skipulagsfulltrúa að Austurvegi 67, 800 Selfossi, eða netfangið skipulag@arborg.is

Virðingarfyllst,
Anton Kári Halldórsson
skipulagsfulltrúi

job

Finnum draumastarfið saman



Erum við
að leita
að þér?

Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —

Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is


Við leiðum
fólk saman

hagvangur.is



HAGVANGUR

Veðurspá Miðvikudagur



Austan 5-10 í dag, en 10-15 við S-ströndina. Viða bjartviðri N- og V-lands, en stöku skúrir eða el á SA- og A-landi. Vaxandi aust-anátt og rigning S-til í kvöld. ■



MATUR OG HEIMILI
MEÐ SJÖFN ÞÓRÐAR

Lifandi þáttur um matargerð og bakstur í bland við innanhússarkitektúr, hönnun og fjölbreyttan lífsstíl.

Þátturinn er á dagskrá alla Þriðjudaga kl. 19.00



Skák Gunnar Björnsson



Krossgáta

- LÁRÉTT**
1 virki
5 sarg
6 skóli
8 málmur
10 tveir eins
11 funa
12 sókn
13 ill
15 nafnbót
17 kvk. nafn
- LÓÐRÉTT**
1 nokkru leyti
2 slabb
3 tál
4 heilda
7 þræta
9 framkvæmdir
12 mör
14 tré
16 tveir eins

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10			11		
			12		
13	14				
15				16	
	17				

Babula átti leik gegn Stefanov í Varna í Búlgaríu árið 1984.

1. De6!! De8 (1...fxe6 2. Bxe6+ og mátar). 2. Bxf8! Rxf8 3. Dxf7+ Dxf7 4. Hxf7 gxh5 5. Hxa7 1-0. Fyrsta einvígis-skák Vignis Vatnar og Tiger Hillarp-Perssonar endaði með jafntefli. Taflfélag Vestmannaeyja er efst í 1. deild, Skáklfélag Akureyrar er í öðru sæti og b-sveit Taflfélags Reykjavíkur í því þriðja. www.skak.is: Einvígi Tigers og Vignis. ■

Sudoku

	2		1	5			6	
	6		2				9	
					8			5
		1			4	8		3
			3		5	9		
9	2							
6		3	9	1	7	5		
1						6	7	
	9					3		

	2			5				8
			6			9		
	5	9			8	1	2	
		2				7	6	
		4		6			3	
			5	3				1
					1			7
9	3							
2			9			8		

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. ■

Pondus



Gelgjan



Barnalán





Swensen lék af ríkulegri innlifun. MYND/MATT DINE

Sem betur fer kviknaði ekki í sellóinu í Eldborg

TÓNLIST

Verk eftir Dvorák, Halldór Smáason og Joan Tower
Stjórnandi: Peter Oundjian
Einleikari: Joanthan Swensen
Eldborg í Hörpu fimmtudaginn 30. september

Jónas Sen

Í kvikmyndinni The Witches of Eastwick er atriði þar sem sellóleikari, leikinn af Susan Sarandon, er að bíta við að æfa konsertinn eftir Dvorák. Þá kemur djöfullinn í heimsókn, sem er leikinn af Jack Nicholson. Hann hjálpar henni að ná almennilegum tökum á konsertinum með djöfullegum faðmlögum og djöfullegum píanóleik. Við það kemst konan á svo mikið flug að það kviknar í sellóinu. Síðan hefst ákafur ástarleikur.

Þetta var ekki alveg svona á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands á fimmtudagskvöldið. Þar var þessi konsert fluttur og ungur Dani, Jonathan Swensen, lék einleikinn. Hann gerði það af ríkulegri innlifun. Tæknilega séð voru tónarnir fallega mótaðir og breiðir. Ef til vill renndi Swensen sér full mikið á milli tónanna, en það truflaði þó ekki undirritaðan. Í það heila var túlkunin ágætlega mótuð og með sterkri heildarmynd. Atburðarásin í tónlistinni var spennandi og flæðið sannfærandi.

Misgreinilegt eftir staðsetningu Hljómsveitin spilaði ágætlega undir stjórn Peters Oundjian, leikur hljómsveitarinnar var nákvæmur og öruggur. Því miður heyrðist ekki alltaf fyllilega í einleiknum á neðstu svölunum í Eldborginni, sellóið er ekki raddsterkt og heil hljómsveit yfirgnæfði það heldur mikið. Engu að síður var tónlistin falleg, full af safaríkum melódíum og lokkandi dramatík. En það kviknaði ekki í sellóinu.

Annað á tónleikunum var misgott. Stutt verk, Infinite Image eftir Halldór Smáason, var ekki bita-stætt. Það mun hafa verið innblásið af ljóði eftir Sigurð Pálsson, þoku. Ljóðið „hverfist... í kringum mörkin á milli hins sjáanlega og ósjáanlega,

”

Tónlistin var mjög kröftug. Hvergi var dauður punktur.

hins heyranlega og óheyranlega“, svo vitnað sé í tónleikaskrána. Því miður var tónlistin óskaplega klisju-kennd og virkaði eins og stæling á ótal verkum sem voru í tisku innan þröngs hóps á áttunda áratugnum. Hljómarnir voru ómstriðir og mikið af kaótiskum hendingum sem virtust ekki hafa neina merkingu, og því síður tilgang. Heildarútkoman var býsna tilgerðarleg.

Mergjaður konsert

Nei, þá var nú meira varið í síðasta verkið á dagskránni, konsert fyrir hljómsveit eftir bandaríska samtimatónskáldið Joan Tower. Heitið vísar til þess að mismunandi hljóðfærahópar eru í einleikshlutverki, þeir kasta rullunni á milli sín, ef svo má segja. Tónmálið var dálítið kuldalegt og fyrir vikið var músíkin ekki sérlega aðlaðandi. Hins vegar var hún glæsilega raddsett og maður dáðist að öllum fjölbreyttu litbrigðunum sem sköpuðust.

Tónlistin var mjög kröftug. Hvergi var dauður punktur. Eldgos uppsafnaðrar orku braust út með reglulegu millibili, ef svo má segja. Ólíku hljóðfærahóparnir spiluðu krefjandi einleikinn af gríðarlegri fagmennsku. Heildarhljómurinn var þéttur og fókuseraður. Útkoman var mögnuð og endirinn stórfenglegur. Þetta var flott. ■

NIÐURSTADA: Sellókonsert eftir Dvorák kom misvel út eftir því hvar maður sat, verk eftir Halldór Smáason var klént en konsert eftir Joan Tower var magnaður.

Yrsa tilnefnd til verðlauna

kolbrunb@frettabladid.is

Gatið eftir Yrsu Sigurðardóttur er tilnefnt til Petrona-verðlaunanna í Bretlandi sem veitt eru fyrir bestu norrænu glæpasöguna. Yrsa hlaut þessi verðlaun árið 2015 fyrir Brakið og var einnig tilnefnd fyrir Aflausn í fyrra.

Gatið kom út árið 2017 og hlaut mikið lof íslenskra gagnrýnenda sem og erlendra. Meðal annars sagði gagnrýnandi Financial Times að Gatið væri „æsispennandi“ og bætti við: „Íslenskar nætur eru hvergi eins ógnvekjandi og í óhugnanlegum sögum Yrsu Sigurðardóttur.“

Í Gatinu finnst umsvifamikill fjárfestir látinn í Gálgahrauni, á hinum forna aftökustað sem blasir við frá Bessastöðum. Barnaverndaryfirvöldum í Reykjavík er tilkynnt um lítinn dreng sem er aleinn og yfirgefinn í ókunnugri íbúð. Og fjórir vinir óttast að leyndarmál þeirra verði afhjúpað.



Yrsa er tilnefnd til Petrona-verðlaunanna í Bretlandi.

FRÉTTABLAÐIÐ/
SIGTRYGGUR

Að þessu sinni eru verk eftirtalinna höfunda tilnefnd til Petrona-verðlaunanna: Anne Holt, Jørn Lier Horst og Thomas Enger, Håkan Nesser, Mikael Niemi Agnes Ravatn, auk Yrsu Sigurðardóttur. Victoria Cribb þýddi Gatið.

Í umsögn dómnefndar um Petrona-verðlaunin segir um bók Yrsu: Gatið er fjórða bókin um barnasálfræðinginn Freyju og lögreglu-manninn Huldar – tvíeyki sem vill helst ekki vinna saman. Samband

þeirra léttir á stundum stemninguna fyrir lesandanum, gefur færi á svörtum húmor inn á milli, jafnframt því sem þau eru hrifin hvort af öðru. Margslungin flétta bókarinnar snýst um brenglað siðferði og hefnd: upphafið er morð sem ber merki helgiathafnar á fornum aftökustað – Gálgakletti – en við rannsókn málsins afhjúpast langvarandi misnotkun en hræðilegum afleiðingum hennar er lýst af nærfærni.“ ■

APOTEK
KITCHEN + BAR

FRÁBÆR Í HÁDEGINU

FISKIVEISLA

3 tegundir af ferskasta fiski dagsins

OKTÓBER TILBOÐ

1.990 kr. á mann

GRILLAÐUR – PÖNNUSTEIKTUR – OFNBAKAÐUR

Borinn fram með fersku salati, smælki, og citrus beurre blanc.

APOTEK Kitchen + Bar // Austurstræti 16 / Sími 551 0011 / apotek.is

Kvennaklefinn

Opnar í kvöld kl. 20.00!

Kvennaklefinn

Miðvikudaga kl. 20.00

Heimsborgaralegur, hreinskilinn, fjörugur, óvenjulegur og skemmtilegur þáttur fyrir konur, um konur, í umsjón Margrétar Erlu Maack, ásamt uppistandanum Sölku Gullbrá, poppdívunni Brynhildi Karlsdóttur, förðunarsnillingnum Maríönnu Pálsdóttur og gleðibombunni og dragdrottningunni Gógó Starr sem færir áhorfendum nýjustu djamfréttir vikunnar.

Ekki missa af Kvennaklefanum á miðvikudagskvöldum kl. 20.00, aðeins á Hringbraut.



HRINGBRAUT



Geir bað Guð að blessa Ísland.

Guð blessi Ísland

toti@frettabladid.is

Fyrir þrettán árum, upp á dag, þann 6. október 2008, ávarpaði Geir H. Haarde, þá forsætisráðherra, þjóðina og lét þessi, síðan þá, fleygu orð falla í lok ræðu sinnar: „Guð blessi Ísland.“ Orð þessi urðu samstundis sígild og bættust við drjúgan haug ódauðlegra setninga sem hafa lifað og munu lifa með þjóðinni um aldir alda. Til dæmis:



Þessi hnifur á að vera þungur

Þetta tilsvar úr vikingaspagettivestra Hrafns Gunnlaugssonar, Hrafninn flýgur

frá 1984, er einhver meitlaðasta og lífseigasta setning íslenskrar kvikmyndasögu enda tilvitnun sem hentar við ýmis tækifæri og er enn jafn töff og hún var á sínum tíma.



Ísland er stórusta land í heimi

Dorrit Moussaieff, þáverandi forsetafrú, lýsti þessu vigreif yfir eftir Spán-

verjavíg íslenska handknattleikslandsliðsins á Ólympíuleikunum í Kína 22. ágúst 2008. Þrátt fyrir að landið hafi skroppið hratt saman og forsætisráðherra hafi örfáum mánuðum síðar þurft að biðja Guð að blessa það lifa þessi orð enn. Eins og ódrepanði andinn að baki þeim.



Ég geri sko ekki neitt fyrir neinn sem gerir ekki neitt fyrir neinn

Þessi setning úr kvikmynd Óskars Jónssonar,

Sódoma Reykjavík, er ekki síður meitluð í stein en þungi hnifurinn enda kjarna þessi orð hins ólán-sama Axels íslenska þjóðarsál með ágætum.



Hvenær drepur maður mann og hvenær drepur maður ekki mann?

Tja, þegar stórt er spurt, Jón Hreggviðsson, er fátt

um almennileg svör en spurningin er djúp og eitt af eilífðarviðfangsefnum okkar allra. ■

Bogi Ágústsson var til í að vera brúða

Parið Sólrún Ylfa Ingimarsdóttir og Atli Arnarsson gerði saman stuttmyndina Eldhús eftir máli sem byggir á samnefndri skáldsögu Svövu Jakobsdóttur. Sjálfur Bogi Ágústsson gaf leyfi fyrir að brúða í hans mynd kæmi við sögu í myndinni sem vann nýlega til verðlauna á kvikmyndahátíðinni í Aserbaísjan.

toti@frettabladid.is

Sólrún Ylfa Ingimarsdóttir og Atli Arnarsson framleiða saman stuttmyndir, svokallaðar stillumyndir sem kenndar eru við „stop motion“ og eru vægast sagt tímafrekar í framleiðslu.

Þau hafa hins vegar notið þess að sjá árangur erfiðisins við gerð hinnar þrettán mínútna löngu Eldhús eftir máli á kvikmyndahátíðum víða um lönd en nú síðast vann hún til verðlauna á kvikmyndahátíðinni AnimaFilm í Bakú í Aserbaísjan.

Verðlaunaeldhús

„Verðlaunin í Aserbaísjan komu okkur auðvitað á óvart!“ segja þau með nokkrum áhersluþunga. „Þetta er hreyfimyndahátíð sem við höfðum ekki heyrt um áður, en ákváðum að slá til og sækja um,“ segir Sólrún Ylfa og bætir við að þau hafi að vonum orðið mjög spennnt þegar þau fréttu að myndin hefði verið samþykkt á hátíðina.

„Og við urðum að sjálfsögðu himinlifandi að heyra að myndin okkar hefði verið valin sem besta stuttmyndin í alþjóðlegum flokki,“ bætir Atli við. „Þetta er mikill heiður og gaman að vita af verkefninu á svona fjarlægum slóðum og skemmtilegt að fylgjast með myndinni lifna við í nýju umhverfi.“

Eldhús eftir máli var frumsýnd á RIFF-hátíðinni í fyrra og áður en parið fékk þessa rós frá Aserbaísjan í hnappagatið hafði Eldhús eftir máli borið sigur úr þýtum í stuttmyndakeppninni Shortfish, eða Sprettfiskur, sem var hluti kvikmyndahátíðarinnar Stockfish í Bíó Paradís.

Auk hátíðarinnar í Bakú hefur myndin verið sýnd á kvikmyndahátíðum í Lapua í Finnlandi, Lissabon í Portúgal og fram undan eru sýningar á hátíðum í Oulu í Finnlandi, Kaupmannahöfn og Naples í Flórída. Þá hefur hún verið tekin inn á væntanlega kvikmyndahátíð í Armeníu.

Myndmál Svövu heillaði

„Við kynntumst sögunum hennar Svövu Jakobsdóttur fyrst lítilega í menntaskóla en þær vöktu í raun ekki athygli okkar almennilega fyrr en systir Sólrúnar skrifaði bakkalárritgerð um verk Svövu í bókmenntafræði við Háskóla Íslands vorið 2017,“ segir Atli og bætir við að þá hafi þau lesið smásagnasafn-



Atla og Sólrúnu finnst smásögur Svövu Jakobsdóttur henta forminu vel.



Við vorum meira að segja svo heppin að fá leyfi Boga Ágústssonar til að gera brúðuútgáfu af honum.

Atli

id Veizla undir grjótvegg. „Okkur fannst sögurnar henta mjög vel til stillumyndagerðar vegna þess hve surrealistiskar og myndrænar þær eru.“

Þau segja hugmyndavinnuna við Eldhús eftir máli hafa byrjað fyrir alvöru um jólnið 2018. „Þá höfumst við handa við að kafa ofan í söguna og búa til handrit,“ segir Sólrún en myndin átti upphaflega að vera sumarverkefni parsins. Vinnan vatt

síðan hratt upp á sig og tók á annað ár. Enda þurfti að taka um tíu þúsund ljósmyndir fyrir þær þrettán mínútur sem myndin leggur sig á.

Þar fyrir utan þurfti að smíða leikmynd og gera brúður í nokkrum stærðum enda sameinar stillumyndagerð leikmuna- og leikmyndagerð, brúðugerð, ljósmyndun, hljóð og fleira.

Tvær grímur

„Þegar langt var liðið á sumarið og verkefnið aðeins hálfnað runnu á okkur tvær grímur. Um haustið fluttum við svo til Kaupmannahafnar í nám, og héldum því ekki áfram með verkefnið fyrr en vorið 2020,“ segir Atli.

„Eldhús eftir máli er eitt umfangsmesta verkefni sem við höfum tekið okkur fyrir hendur og við lögðum mikinn metnað í alla umgjörð; hljóð og tónlist, leikmynd, brúður, myndatöku og ekki sist hreyfiteknina.“

Þegar myndin komst svo inn á RIFF í september 2020 segja þau að ekki hafi annað komið til greina en að setja alla sína orku í að klára hana.

Atli og Sólrún eru við nám í Kaupmannahöfn. Hún er í mastersnámi í fiðluleik við Konunglegu tónlistarakademíuna í Kaupmannahöfn og Atli sinnir tónlist sinni með framhljóðupptökunámi við Danska kvikmyndaskólann í Kaupmannahöfn.

MYNDIR/ÁSENDAR



Stuttmyndin átti að vera sumarverkefni sem teygðist yfir á annað ár.

Bogi ljáði sjálfum sér rödd

„Okkur langaði að leggja metnað í að vera með vandaða talsetningu og flottar raddir í myndinni. Við ákváðum einfaldlega bara að prófa að hafa samband við þau sem okkur datt í hug að gætu passað vel í hlutverkin,“ segir Sólrún og bætir við að þeim hafi hvarvetna verið vel tekið enda einvala lið sem talar fyrir persónur myndarinnar.

Björn Thors talar fyrir aðalpersónuna, Ingólf, og Dominique Gyða Sigrúnardóttir fyrir konu hans. Þá hljóma kunnuglegar raddir til dæmis Arnars Jónssonar og Boga Ágústssonar í myndinni.

„Sum þeirra þekktum við aðeins fyrir en við vorum svo lánsöm að þau tóku öll vel í hugmyndina og við erum mjög þakklát fyrir þeirra góða framlag. Við vorum meira að segja svo heppin að fá leyfi Boga Ágústssonar til að gera brúðuútgáfu af honum sjálfum,“ segir Atli. „Og að sjálfsögðu ljáði hann sjálfum sér rödd með glæsibrag!“ ■

Lykilspurningin

Heppnasta þjóð í heimi

toti@frettabladid.is



Gunnar Smári Egilsson Sósíalisti

„Guð og góðar vættir hafa blessað Ísland með fádæma ríkisdæmi fámenns hóps í stóru landi með miklar auðlindir. Guð blessaði Ísland með vexti raunhagkerfisins þegar fjármálakerfið hrundi.

Var Geir Haarde bænheyrður?

Íslendingar hafa öll tromp á hendi, eru í raun heppnasta þjóð í heimi. Við höfum efni á öllu sem okkur dremmir um; réttlæti, jöfnuði, fegurð og kærleika. En Guð og góðar vættir hafa ekki blessað okkur hið innra. Við erum vonðaufr og óttaslegin, auðveld bráð fólks sem leikur á slíkar tilfinningar. Er ekki bara best að breyta sem minnstu? var slagorðið sem sígraði í síðustu kosningum. Úr því að Guð er stór persóna á þessum degi má líkja ástandinu við ferð Ísraelslýðs frá ánaðinni í Egyptalandi til fyrirheitna lands-

ins. Guð rauf hafið svo lýðurinn mætti ganga þurrum fótum í átt að frelsi og fyrirheitum. En þá muldraði einhver: Er ekki bara best að vera áfram í Egyptalandi? Og lýðurinn beygði sig undir áframhaldandi yfirráð hinna fáu, þeirra sem eiga mest og aldrei fá nóg.

Kannski hefði okkur farnast betur ef Guð hefði ekki blessað okkur með meira ríkidæmi en þess í stað með heitari von.“

Nánar á frettabladid.is

Guð leiðir þjóðina

odduraevar@frettabladid.is



Agnes M. Sigurðardóttir biskup

„Það var huggun og styrkur í orðum forsætisráðherra þegar hann bað Guð að blessa Ísland.

Í fordæmalausu fjármálaöngstræti þjóðarinnar og stórs hluta heimsins reiddi forsætisráðherra

síg á trúna og Guð. Ég er ekki í nokkrum vafa um að Guð blessaði og blessar Ísland.

Efnahagslegur bati þjóðarinnar var undraverður og skjótur. Ég er stolt af þjóðinni og sannfærð um að almáttugur Guð vakir yfir henni, leiðir hana, styrkir og verndar. Mér þykir vænt um að við erum ennþá að ræða þessi orð Geirs – það segir mér að trúin skiptir máli. Trúin sem þjóðkirkjan boðar, trúin sem nærir andlega íslenska þjóð dag hvern. Guð blessi Ísland eins og beðið er hvern sunnudag við messur um land allt.“ ■



Úrval gæða heimilisvara í **ORMSSON**




BRAUN
hár- & skeggsnyrtitæki



brabantia

Brabantia er með breitt úrval rusla- & flokkunarfata. Sóma sér vel á hvaða heimili sem er.



ormsson

Opnunartímar
Virka daga kl. 10-18
Laugardaga kl. 11-15

ORMSSON

LÁGMÚLA 8 - 530 2800

Skoðu úrvalið okkar á
ORMSSON.IS



*EKKI HAFNAVAÐIÐ

ORMSSON
ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI
SÍMI 456 4751

KS
SAUÐÁRKRÓKI
SÍMI 455 4500

SR BYGG
SIGLUFIRÐI
SÍMI 467 1559

ORMSSON
AKUREYRI SÍMI
461 5000

PENNINN
HÚSAVÍK
SÍMI 464 1515

ORMSSON
PAN-NESKAUPSSTAÐ
SÍMI 477 1900

ORMSSON
ÁRVIRKINN-SELFÖSSI
SÍMI 480 1160

GEISLI
VESTMANNAEYJUM
SÍMI 481 3333

TÆKNIBORG
BORGARNESI
SÍMI 422 2211

OMNIS
AKRANESI SÍMI
433 0300



LÝKUR
UM HELGINA

TEMPUR-DAGAR

25%
AFSLÁTTUR



Tempur Hybrid dýnur og C&J stillanlegur botn.
Gafli seldur sér. 2x90x200 cm. Fullt verð: 859.800

Tilboð 749.850 kr.

Nýjar gerðir
og fjölbreytt úrval

TEMPUR
heilsukodda



VEFVERSLUN
www.betrabak.is
OPIN ALLAN SÓLARHRINGINN

FAXAFENI 5
Reykjavík
588 8477

DALSBRÁUT 1
Akureyri
588 1100

SKEIDI 1
Ísafirði
456 4566



SKRÁÐU ÞIG Á
PÓSTLISTANN

Fáðu blað dagsins
sent rafrænt



FRÉTTABLAÐIÐ



Dagbjört ákvað
að hætta að
drekka áður en
hún yrði dópisti
og lagði edrú-
mennsku sína í
hendur Guðs.
MYND/ADSEND

Trúir á Guð frekar en ástina

Söngkonan Dagbjört Ríkisdóttir, sem meðal annars gerði það gott þegar hún stakk sér í Tinderlaugina, hefur marga fjöruna sopið og sækir stift í persónulega reynslu í lagasmíðum sínum eins og í nýja laginu It's In the Stars þar sem hjartað er látið ráða för. Með fyrirvörum þó.

oddurævar@frettabladid.is

„Það er mikilvægt að fylgja hjartanu en á sama tíma að vera varkár og passa að þetta sé samband á réttum forsendum, án þess að vera lokuð fyrir ástinni,“ segir söngkonan Dagbjört Ríkisdóttir um boðskapinn sem felst í nýjasta lagi hennar, It's In the Stars.

Dagbjört, sem tók þátt í íslensku raunveruleikabáttaseríunni Tinderlauginni, hefur marga fjöruna sopið og segir lífið sjálft vera henni innblástur.

„Ég var sem sagt rosalega skotin í strák í desember og þetta var svona „winter love, christmas love!“ segir Dagbjört. Um hafi verið að ræða algjöran töffara. „Ég var mega spennt fyrir honum en ég vissi ekki hvort þetta ætti að leiða út í ást eða eitthvað alvarlegt,“ útskýrir hún. „Og mér finnst þetta vera ein-

mitt það sem við veltum flest fyrir okkur þegar við verðum hrifin af einhverjum.“

Sögumaður frekar en söngkona
Dagbjört segist frekar líta á sig sem sögumann en söngkonu og segja frá lífi sínu í lögnum. Í fyrra missti hún kærastann sinn skyndilega.

„Ég sem sagt hætti með honum 5. mars af því hann var í svo mikilli neyslu en hann var rosalega hæfileikaríkur og gullfalleg sál innan sem utan. Svo lést hann mánuði seinna, 7. apríl, og ég er búin að semja þrjú lög um hann,“ útskýrir hún.

Dagbjört semur alla texta og laglínur sjálf. „Og ég sem bara eins og ég sé í söngvamynd. Ég er bara að tjilla heima og svo byrja ég allt í einu að syngja bara heilt lag, laglínur og texta, og ég bara: Ha? Og ég tek það upp þannig að ég gleymi því ekki og skrifa textann í Note, þannig að þetta gerist mjög eðlilega hjá mér,“ segir Dagbjört sem semur textana í símanum sínum.

Trúir á trúna
Dagbjört segist stefna á að gefa út plötu og halda tónleika, en óvist er hvenær það verður. Hún hefur þó úr nógu að móða í lagasmíðunum en tekur fram að hún hafi verið án



Svo lést hann mánuði seinna, 7. apríl, og ég er búin að semja þrjú lög um hann.

áfengis í 22 mánuði og tvo daga.

„Ég var sem sagt í helgarneyslu í níu ár, 16-25 ára, og svo ákvað ég bara að snúa við blaðinu áður en ég yrði dópisti,“ segir Dagbjört sem tekur fram að hún sé trúuð.

„Ég er mjög trúuð, ég komst til trúar eftir edrúmennskuna mína og upplifði andlega vakningu þegar það var beðið fyrir mér. Þannig að ég er mjög trúuð og treysti svolítið á Guð til að halda mér edrú. Ég er ekki að treysta á sjálfa mig.

Venjulegt fólk heldur að edrúmennska snúist um sjálfstjórn. Það er algjör misskilningur sko, annars væri ég löngu búin að ná stjórn á þessu sjálf.“ ■

Kvennaklefinn er öllum opinn

oddurævar@frettabladid.is

„Hingað til hef ég haldið mig á mottunni, verið fréttakona og haldið sjálfri mér aðeins til hliðar í umfjöllunarefnum en þessi þáttur er meiri samtalsþáttur en viðtalsþáttur,“ segir sjónvarpskonan Margrét Erla Maack um þáttinn Kvennaklefinn sem er á dagskrá Hringbrautar í fyrsta sinn í kvöld.

„Þetta er eins og að vera að hlera saumó hjá mömmu. Þættirnir eru persónulegir, við tökum fyrir mál sem okkur finnst risastór en eru ef til vill hversdagsleg og hluti af lífi margra – en við tölum líka um stóru málin og samfélagsmál.“

Margrét segist vera ánægð með nafnið. Það kallist skemmtilega á við umræður um „locker room talk“, eins og hún segir sjálf. „Það verður ýmislegt látið flakka og reynt að af-tabúvæða alls konar umræðu. Kvennaklefinn útilokar samt ekki fólk, öllum er boðið að hlusta og horfa – þó að viðfangsefnið litist auðvitað af okkur umsjónarkonunum og okkar samfélagsspegli.“



Þátturinn er á dagskrá Hringbrautar í kvöld klukkan 20.00. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Auk Margrétar eru Marianna Pálsdóttir, skemmtilegasta sminka landsins, Gógó Starr dragdrottning, Salka Gullbrá uppistandari og Brynhildur Karlsdóttir tónlistarkona umsjónarkonur þáttarins.

„Í fyrsta þættinum ætlum við nokkrar konur á svipuðum stað – milli þrítugs og fertugs – að opna


okkur um barneignir og getnaðarvarnir, við ræðum við Tónju Ísfið um #MeToo og hvernig það hefur þróast undanfarin ár og hvernig það talar inn í samfélagið. Marianna hittir okkur Gógó Starr í okkar náttúrulega umhverfi. Baksviðs á kabarettsýningu og svo fer Gógó Starr yfir djammfréttirnar.“ ■

AUGLÝSINGAÐEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Guðaf Bjarnason guðaf@torg.is, ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050: Auður Húnfjörð audur@frettabladid.is, Hjördis Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@frettabladid.is, Reynir Elís Þorvaldsson reynir@frettabladid.is, Örn Geirsson orn@frettabladid.is, FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5078: Arnar Magnússon arnar@frettabladid.is, Jóhann Waage johannwaage@frettabladid.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@frettabladid.is, Ruth Bergsdóttir ruth@frettabladid.is, FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNÍ: Elin Albertsdóttir elin@frettabladid.is, RÁÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056: Hrannar Helgason hrannar@frettabladid.is, TÍMAMÖTA- OG ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055: Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@frettabladid.is

wagner

ÞÝSK HÖNNUN • EINSTÖK GÆÐI

EINU STÓLARNIR MED



Dondola®

360°

VELTITÆKNI

FRÁBÆRT TILBOÐSVERÐ
Í SAMVINNU VIÐ WAGNER
158.900 kr.
LISTAVERÐ: 229.900 kr.



FAGADILAR MÆLA MED WAGNER



Elís Þór Rafnsson
sjúkrabjálfari



Að sitja á hreyfingu getur komið í veg fyrir ýmis bakvandamál og hjálpað þeim sem nú þegar stríða við eymsli og þreytu í baki. Hreyfingin miðar að því að léttu álag á bakið og styrkja það í hrífandi samspili hvíldar og hreyfingar.

**SITJUM Á
HREYFINGU!**



Hirzlan

SKRIFSTOFUHÚSGÖGN

Síðumúla 37. Sími: 564-5040. hirzlan@hirzlan.is.

RAMMASAMNINGUR VIÐ
RÍKISKAUP
www.hirzlan.is

Verslun opin mán-fim 09:00-18:00, föst. 09:00-17:00, laugard. 12:00-16:00. Lager opin mán-fim 13:00-17:00 og föst. 13:00-16:00.

Bakþankar



Önnu Sigrúnar
Baldursdóttur

Mistök

Mistök verða þar sem manns- höndin kemur við sögu. Annað er óhugsandi. Lífið er svo flókið að sennilega ræður oft heppni meira en útsjónarsemi um að manni verði ekki á.

Afleiðingar mistaka eru hins vegar afar mismunandi. Allt frá því að skipta engu yfir í þau sem mikil áhrif hafa. Svo virðist sem slíkt hafi gerst við talningu atkvæða í Norðvesturkjördæmi með miklum afleiðingum fyrir framtíð tíu einstaklinga sem ætla ekki að sitja þegjandi undir því. Við erum von að geta treyst kjörstjórnunum og það er sérstakt áfall þegar skuggi fellur á það traust.

Að baki þessum mistökum er mannshöndin og líklega hafa þau sem að framkvæmdinni komu átt erfiða daga. Fáir virðast hafa samúð með því, en það er ekki sanngjarnt – því þar sem mannshöndin kemur við sögu má búast við mistökum, jafnvel á ögurstundu. Það eru úrvinnslan og eftirmálin sem öllu skipta, hver sem afleiðingin verður.

Sum mistök eru gríðarlega alvarleg og má nefna alvarleg atvik í flókinni starfsemi heilbrigðisþjónustunnar sem varða jafnvel líf. Oftast eru atvikin afleiðing þess að margt fer úrskeiðis, en mannshöndin kemur nánast alltaf við sögu. Fólk væntir góðs árangurs af heilbrigðisþjónustunni og á að geta gert það. Þegar illa fer er það gríðarlegt áfall fyrir alla hlutaðeigandi og því óendanlega mikilvægt að skoða ofan í kjölinn hvað fór úrskeiðis og gera allt til þess að koma í veg fyrir endurtekningu.

Höfum í huga: „Mistök eru mannleg, að hylma yfir þau er ófyrirgefanlegt en að læra ekki af þeim er óafsakanlegt.“ (Sir Liam Donaldson). ■



Sterkari saman í sátt við umhverfið



LITRÓF

GuðjónÓ | Prentækni

UMHVERFISVÆN PRENTUN

Vatnagörðum 14 · 104 Reykjavík
litrof@litrof.is · 563 6000





Verslaðu á 66north.is
Fylgdu okkur á Instagram [@66north](https://www.instagram.com/66north)